# DAGSKRÁIN
## FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

UMHVERFISMERKI 141 858 Prentgripur

Nr: 2249 Síðan 1968 47. árgangur

Fimmtudagur 26. júní 2014
Vefútgáfa: dfs.is

dagskrain@prentmet.is
Sími 482 1944 · Eyravegur 25 · 800 Selfoss




*Hjónin Margrét Þórðardóttir og Guðni Guðmundsson ásamt Ásdísi dóttur sinni á Landsmóti UMFÍ 50+ á Húsavík. Ljósmynd: ÖG.*

## Hjón á áttræðisaldri kepptu í 100 metra hlaupi

Sá skemmtilegi atburður átti sér stað á Landsmóti UMFÍ 50+ sem haldið var á Húsavík um liðna helgi að hjónin Guðni Guðmundsson (80 ára) og Margrét Þórðardóttir (75 ára) frá Þverlæk í Holtum, sem kepptu fyrir HSK, sigruðu hvort fyrir sig í sínum aldursflokki í 100 metra hlaupi. Hjónin settu bæði um leið HSK-met, Margrét í aldursflokki 75–79 ára og Guðni í aldursflokki 80–84 ára.

Þess má einnig geta að dóttir þeirra hjóna, Ásdís Guðnadóttir (55 ára) sem keppti fyrir ÍBR í flokki 55–60 ára, keppti líka í 100 metra hlaupi og uppskar gull eins og foreldrarnir. Um þrjátíu keppendur frá HSK tóku þátt í Landsmótinu á Húsavík í ýmsum greinum. Mótið tókst í alla staði vel og var heildarfjöldi keppenda um 400 talsins. -ög

# Stangveiðitímabilið í Ölfusá hafið

Sumarveiðin í Ölfusá við Selfoss hófst formlega þriðjudaginn 24. júní er Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, mætti með fríðu föruneyti kl. 7:00 og renndi fyrir lax ásamt Sverri Einarssyni, gjaldkera Stangveiðifélags Selfoss. Veiðisvæðin í Ölfusá við Selfoss eru þrjú talsins og eru leigðar út sex stangir á dag. Veiðifélagið selur einnig veiðileyfi í Vola, Baugsstaðaós og Hlíðarvatn í Selvogi. Sala veiðileyfa hefur gengið mjög vel og því gott veiðisumar framundan.

Á myndinni hér til hliðar er Ásta Stefánsdóttir ásamt Sverri Einarssyni í Víkinni, skammt frá veiðihúsi SVFS. -ög



# Blóm í bæ í Hveragerði um helgina

Formleg setningarathöfn garðyrkju- og blómasýningarinnar „Blóm í bæ“ verður á föstudaginn kl. 16 og viðburðarík helgi framundan í blómabænum Hveragerði. Á sýningunni verður nánast allt sem tengist garðyrkju, umhverfismálum, íslenskri framleiðslu og handverki. Sýningar, markaðir og ýmsar keppnir verða alla helgina. Hátíðin hefst á föstudag kl. 12 og lýkur á sunnudag kl. 17.




Þema sýningarinnar í ár er „Regnboginn“ og taka skreytingar og keppnir mið af því. Yngstu kynslóðinni verður gert hátt undir höfði og m.a. boðið upp á sirkus, leiktæki og ýmsar uppákomur þannig að engum ætti að leiðast. Íbúar Hveragerðisbæjar munu taka virkan þátt í sýningunni en þeir hafa verið hvattir til að skreyta innkeyrslur sínar með blómum og öðru og ennfremur munu þeir taka virkan þátt í þeim samkeppnum sem haldnar verða. Það er sannarlega vel þess virði að skreppa í Hveragerði á „Blóm í bæ.“ -ög



## Nestistími í sólinni

*Það var glatt á hjalla á gæsluvellinum í Dælengi á Selfossi þar sem dagmæður settust niður með börnunum og fengu sér nesti í sólinni um daginn. Sól skein í heiði og allir sátu stilltir og prúðir og borðuðu nestið sitt. Myndina tók Örn Guðnason.*



*Ein af myndum Christine Gísladóttur á sýningunni Augnablik í Listagjá Bókasafns Árborgar.*

## Augnablik - óður til horfinna tíma

Christine Gísladóttir sýnir um þessar mundir í Listagjá Bókasafns Árborgar kyrralífsljósmyndir og litla ljósmyndabók af íslenskum plöntum og gömlum munum mynduðum í eyðibýlum. Sýningin er hluti af lokaverkefni hennar úr Ljósmyndaskólanum en hún útskrifaðist þaðan í febrúar sl.

Verkið heitir Augnablik og er óður til horfinna tíma, unnið undir áhrifum frá gömlu hollensku listmálurunum eins og Vermeer, Rembrandt og einnig eftir japanskri heimsspeki sem leitar eftir fegurðinni í ófullkomleikanum og það sem tíminn hefur mótað og skilið eftir hjá okkur.

Sýningin í Listagjánni er opin á opnunartíma safnsins virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–14.

## Styttist í landsmót

Landsmót hestamanna á Gaddstaðaflötum við Hellu hefst sunnudaginn 29. júní, en mótið stendur til 6. júlí. Búast má við stóru móti enda fjölbreytt dagskrá framundan.


SPARNAÐARRÁÐ



**Rétt stillt hitakerfi eykur þægindi og lækkar húshitunarkostnað.**

**Förum yfir og stillum hitakerfi.**

PÍPULAGNIR HELGA

Selfossi · S. 699 1985 · 772 2142




Allar almennar bílaviðgerðir, hjólbarðaþjónusta, rúðuþurrkur, perur og síðast en ekki síst hin sívinsæla smurþjónusta á 30% afslætti.

**Toyota Selfossi,** Fossnes 14, 800 Selfoss www.toyotaselfossi.is

# Jónsmessuhátíð í Hveragerði



Þrátt fyrir rigningu lögðu fjölmargir leið sína í lystigarðinn og tóku þátt í Jónsmessuhátíð Norræna félagsins í Hveragerði sl. laugardag. Nokkrir hjálpuðu til við að skreyta miðsumarstöngina sem síðan var reist. Reynt var að kalla á sólina með söng, en það hafðist ekki. Hópur barna sýndi dans ásamt danshópnum Shire við góðar undirtektir, en danshópurinn hefur verið á ferð um landið að kenna börnum nútímadans síðustu vikur.

Flestir voru klæddir eftir veðri og létu rigninguna ekkert á sig fá og eins og venjulega var vinsælast að steikja brauð yfir eldi. Piparkökur með Camembert-osti að finnskum sið. Poppkorn og djús var einnig vinsælt meðal barnanna en fullorðnir smökkuðu frekar piparkökur með Camembert-osti.

Við þökkum öllum kærlega fyrir komuna, en einnig viljum við þakka þeim sem aðstoðuðu okkur fyrir stuðninginn: Hveragerðisbæ, Hverabakarií, Mjólkursamsölunni, Skógræktarfélagi Hveragerðis og Garðyrkjustöð Ingibjargar. Sjáumst aftur að ári.

*Stjórn Hveragerðisdeildar Norræna félagsins*


## Deildarstjóri - Staðgengill leikskólastjóra

**Leikskólinn Brimver/Æskukot auglýsir eftir deildarstjóra-staðgengli, leikskólastjóra, frá og með 10. ágúst 2014.**

*Í leikskólanum eru 50 börn í tveimur starfsstöðvum, Brimveri á Eyrarbakka og Æskukoti á Stokkseyri. Leikskólinn er heilsuleikskóli þar sem lögð er áhersla á gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun í leik og starfi. Við skólanna okkar vinna íþróttakennari sem sér um íþróttir og jóga og tónlistarkennari sem sér um tónlistarstarfið. Við viljum metnaðarfullt og áhugasamt fólk sem er til í að vera þátttakendur í uppbyggingarstarfi í góðum leikskólum á fallegum stöðum Eyrarbakka og Stokkseyri.*

**Meginverkefni Staðgengils.**
- Staðgengill leikskólastjóra
- Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu skólastarfsins.
- Vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu.
- Stjórnun, skipulagning og mat á starfi deildarinnar.
- Bera ábyrgð ásamt leikskólastjóra, á að unnið sé eftir aðalnámskrá, skólanámskrá og stefnu leikskólans.
- Ábyrgð á foreldrasamvinnu ásamt leikskólastjóra.

**Hæfniskröfur**
- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á að takast á við krefjandi verkefni.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Jákvæðni og umburðarlyndi.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.
- Góð íslenskukunnátta

Einnig óskast leikskólakennari/sérkennari til starfa sem ynni í báðum starfstöðvum. Um er að ræða hlutastarf allt að 80%.

**Hæfniskröfur**
- Leikskólakennararéttindi áskilin.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á að takast á við krefjandi verkefni.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Jákvæðni og umburðarlyndi.
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum.

**Frekari upplýsingar veitir Sigríður Jakobsdóttir, leikskólastjóri, sími 867 3999 og netfang brimver@arborg.is. Áhugasamir geta sent umsóknir á það netfang og/eða í pósti merktum leikskólinn Brimver/Æskukot, Túngötu 39, 820 Eyrarbakka. Umsóknarfrestur er til 10. ágúst 2014. Starfið hentar jafnt körlum sem konum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.**

## Ert þú eða barnið þitt öruggt á hjólinu?

Samkvæmt lögum eiga börn yngri en 15 ára að vera með reiðhjólahjálm við hjólreiðar. Best er ef allir hjólreiðaiðkendur eru með reiðhjólahjálm.

Forvarnahópur Árborgar

HAMBORGARA Búllan

Eyravegi 32, Selfossi
Sími 571 8288

Reykjavík - Hafnarfjörður - Selfoss
London - Berlín - Kaupmannahöfn


## Opið hús hjá Gullkistunni í Eyvindartungu

Listamenn sem nú dvelja á Gullkistunni verða með opið hús þar sem þeir segja frá verkum sínum og sýna það sem þeir hafa unnið þar í sl. mánuð. Vinnustofan, sem er í Eyvindartungu, verður opnuð föstudaginn 27. júní kl. 20 og eru allir velkomnir.


FRÓN
heitasti tónlistar- & næturklúbbur á Íslandi

*Fimmtudagur*
2 fyrir 1 af ísköldum til kl 23:00.
Opnum kl. 20:00 vegna HM
Suður kórea - Belgía! Longe tónlist og huggulegheit eftir leikinn til kl. 01:00

*Föstudagur*
Captain Morgan kvöld með Eyþóri Jóns a.k.a Klettinum hefst kl. 23:00!
50 fyrstu Frónverjar sem mæta fá Captain drykk í hönd

*Laugardagur*
Frikki Frigore fríkar út! Flottir afmælisstrákar halda partý og Frón fyllist af flottu fólki, hvað eru mörg F í því?

*Rizzo Pizzur, Lúxus Nachos & 2 fyrir 1 af ísköldum til 23:00 öll kvöld!*

Fröken Frón opnar dyrnar kl. 21:00 föstudag og laugardag!

*Frón sýnir Stöð2 Sport HM kvöldleiki!*

Boltinn í beinni
fron@fronclub.is / Eyravegi 35 / 800 selfoss

2 fyrir 1 af Mojito og köldum 21:00-23:00 allar helgar

*26. júní:* Dj. 800
*27. júní:* Trúbadorinn Magnús Kjartan.
*28. júní:* Dj Þeyttur & Sýrður

Aðgangur ókeypis alla helgina.

III BAR
SENNILEGA BESTI BAR Í HEIMI
Eyravegi 2, Selfossi

Sumardagar í Ozone

20% afsláttur af öllum nýjum vörum

Tískufatnaður - Útivistarfatnaður
Sportfatnaður - Barnafatnaður - Skór

galleri OZONE
Þar sem öll heitustu merkin fást
Akranesi
Selfossi
Erum á Facebook
Sími 534 8040

WWW.SELFOSSBIO.IS
SelfossBíó KVIKMYNDAHÚS
SÍMI: 517 7000



| SÝNINGAPLAN | 26.JÚNÍ | 27.JÚNÍ | 28.JÚNÍ | 29.JÚNÍ | 30.JÚNÍ | 1.JÚLÍ | 2.JÚLÍ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 2 3D ÍSL TAL | | 18:00 | 11, 13, 15 | 11, 13, 15 | 17:00 | | 17:30 |
| 12 MALEFICENT | 17:30 | | 17:00 | 17:00 | | 18:00 | |
| 12 22 JUMP STREET | 19:30 | 20:00 | 19:00 | | | 20:00 | 19:30 |
| 12 TRANSFORMERS: AGE OF EXTINCTION 3D | 22:00 | 22:30 | 21:30 | 19:00 22:00 | 19:00 22:00 | 22:30 | 22:00 |

FRUMSÝNING TILBOÐ POWERSÝNING


ÞÚ PASSAR HANN
VIÐ PÖSSUM ÞIG
VELDU ÖRYGGI FYRIR ÞIG OG ÞÍNA
Hankook
Ventus K115
Hankook
Kynergy
Hankook
Dynapro
Dekkjaverkstæði
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Hjólastillingar
Bremsuklossar
Rúðuþurrkur
Rúðuvökvi
Rafgeymar
Peruskipti
VAXTALAUSAR
12
mánaða
AFBORGANIR
Nánari upplýsingar
www.solning.is
SÓLNING
Renndu við
Smiðjuvegi 68-72, Rvk | Hjallahrauni 4, Hfj | Fitjabraut 12, Njarðvík | Eyrarvegi 33, Selfossi | Barðinn, Skútuvogi 2


BOLA- OG
PEYSUDAGAR
Sértilboð
á bolum og peysum
fimmtudag - föstudag - laugardag
Útsölumarkaðurinn
LAGERHREINSUN
Vertu velkomin
LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800


Erum komnir með LANDMANN gasgrill frá Grillbúðinni
LANDMANN Triton 12904
Öflugt tveggja brennara gasgrill.
8 kW með ryðfríum brennurum.
Elektronísk kveiking.
Verð 79.900 kr.
LANDMANN Triton 12962
Frábært fjögurra brennara grill.
14,8 kW, ryðfríir brennarar.
Grillgrindur úr pottjárni.
Electronísk kveiking.
Verð 119.900 kr.
LANDMANN Triton 12932
Aflmikið þriggja bennara gasgrill.
10,5 kW með ryðfríum brennurum.
Niðurfellanleg hliðarborð.
Auka steikarplata fylgir.
Verð 98.900 kr.
LANDMANN Falcon 12650
Frábært þriggja brennara grill.
Mjög öflugt 13,4 kW.
Hentar sérlega vel fyrir íslenskar aðstæður.
Hliðarhella.
Verð 109.900 kr.
Árvirkinn
Lokað laugardaga í júní og júlí
www.arvirkinn.is · Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160

# Fjölskyldan á fjallið

## - Gönguverkefni HSK sumarið 2014

### Skemmtilegt útivistarverkefni



Sjötta fjallið í Gönguverkefni HSK og Dagskrárinnar er Stóri-Dímon í Rangárvallasýslu. Fjallið er auðvelt uppgöngu og tilvalið verkefni fyrir fjölskylduna, vinahópinn eða vinnufélagana.

Gönguverkefnið er þannig hugsað að í hverri viku í sumar mun Dagskráin kynna fjall vikunnar. Fjölskyldur eru hvattar til að ganga saman á fjöllin. Hægt er að ganga hvenær sem er á hvaða fjall sem er. Þeir sem vilja skrá þátttöku sína og taka þátt í léttum leik geta farið inn á heimasíðu HSK og prentað út sérstakt þátttökublað þar sem skráð eru niður nöfn göngufólks og hvenær gengið var á viðkomandi fjall. Í haust verða svo heppnir þáttakendur dregnir út og fá þeir vöruúttektir í Intersport sem er stuðningsaðili verkefnisins. Þeir sem ganga á öll fjöllin, sextán að tölu, fá sérstakt viðurkenningarskjal. Hægt er að afla sér upplýsinga um þau fjöll sem þegar hafa verið kynnt með því að fara inn á heimasíðu HSK.

### Fjall vikunnar: Stóri-Dímon

Stóri-Dímon stendur í mynni Markarfljótsdals og rís upp af aurum Markarfljóts. Fjallið er grasi gróið fell í 178 m hæð og er auðvelt uppgöngu. Gott vegasamband er að Stóra-Dímoni. Á þjóðvegi 1 leiðinni til Víkur frá Hvolsvelli, áður en að farið er yfir Markarfljótsbrúna, er beygt til vinstri inn Dímonarveg (250). Þaðan eru nokkrir kílómetra að Stóra-Dímoni. Á Fljótshlíðarvegi (261) er afleggjarinn rétt áður en komið er að Múlakoti, nokkurn veginn til móts við Gluggafoss.

Ýmsir atburðir í Njáls sögu gerðust í og við Stóra-Dímon. Meðal annars er sagt frá því að Gunnar og Njáll hafi átt þar skóg og gert til kola og þar vó Skarphéðinn, Þráin Sigfússon og hljóp „tólf álna yfir Markarfljót milli höfuðísa".

# Leikfélag Sólheima leitar eftir stuðningi

## - Á leið til Madridar með Lorca og skóarakonuna

Leikfélag Sólheima er á leið í ævintýri til borgarinnar Madrid á Spáni, en félagið fékk styrk frá þróunarstarfi EFTA til að sýna leikverk sitt, **„Lorca og skóarakonan"**, á stóru leiksviði í Mira leikhúsinu í Madrid. Styrkurinn reyndist bara duga fyrir ferðalagi 9 einstaklinga og því vantar félagið sárlega aðstoð til að allir sem tengjast leikritinu komist með í þessa einstöku ferð. Félaginu finnst ómögulegt að skilja útundan þá sem höfðu vilja og getu til að taka þátt í þessu ævintýri og stefnir á að fara með 15 manns allt í allt, en það er hópurinn sem tók þátt í sýningunni í Þjóðleikhúsinu í maí.

Leitað er eftir stuðningi fólks og langar hópinn að bjóða til sölu DVD-disk af upptöku á leikritinu Lorca og skóarakonan sem var sýnt á Sólheimum og í Þjóðleikhúsinu. Diskurinn er til sölu í vefverslun Sólheima og kostar 2.500 krónur. Til að komast þangað má fara inn á slóðina http://verslun.solheimar.is.



Einnig er bent á reikning leikfélagsins 586 - 26 - 1909, kennitala 540792-2089, ef óskað er eftir að styrkja ferðina enn frekar. Leikfélag Sólheima er óendanlega þakklátt fyrir allan veittan stuðning.

# Sunnlenski matgæðingurinn

**Ásta Rut Sigurðardóttir er sunnlenski matgæðingurinn þessa vikuna.**



Ég vil byrja á því að þakka Guðbjörgu minni kærlega fyrir áskorunina. Ég ætla að bjóða ykkur upp á einfalda grillrétti með einföldu kryddi svo bragðið af sjálfu hráefninu finnist.

***Lambalæri (fyrir ca. 6)***
***Hráefni:***
*Lambalæri beint frá býli*
*Salt*
*Pipar*
*Season all*
Aðferð:
Kryddið lærið með salti, pipar og season all og pakkið inn í álpappír. Grillið í ca. 45 mín. á hvorri hlið.

***Meðlæti:***
*Grænmeti í rjómasoði.*
Hráefni og aðferð:
Blómkál, brokkolí, gulrætur, sætar kartöflur, sveppir og paprika. Allt skorið niður smátt og sett í álform, matreiðslurjóma hellt yfir. Grillað í ca. 45 mín.

***Bakaðar kartöflur***

***Humarsalat (fyrir ca. 6)***
*Hráefni:*
*1 ½ kg humar*
*1 bolli Filippo Berio olía*
*Hvítlaukskrydd*
*Lemonpipar*
*Poki af Skálholts-salatblöndu (frá Hveratúni)*
*Vínber*
*Paprika*
*Gúrka*
*Picolotómatar*
Aðferð:
Humarinn skelflettur og settur í skál ásamt olíu, hvítlaukskryddi og lemonpiparnum og velt upp úr. Honum er síðan raðað á álbakka með raufum og létt grillaður. Svo er hann settur á salatbeð og borinn fram með kokteilsósu og ristuðu brauði.

Í eftirrétt er alltaf vinsælt á mínu heimili að grilla banana.
Aðferð:
Skera rauf í banannann og fylla hann með After Eight-súkkulaði. Grillað þar til súkkulaðið er bráðnað. Þetta er svo borið fram með þeyttum rjóma og vélarís úr Bjarnabúð.

Takk fyrir mig.

Í lokin ætla ég að skora á vinkonu mína, Rannveigu Árnadóttur, sem næsta matgæðing, en hún er algjör snillingur í eldhúsinu og á auðvelt með að galdra fram flottar kökur og girnilegan mat.

*Matgæðingar eru beðnir að senda uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudagsmorgni.*

# Sama ættin hefur búið á Teygingalæk í 150 ár



Laugardaginn 28. júní nk. kl. 14:00 verður þess minnst á Teygingalæk á Brunasandi í Vestur-Skaftafellssýslu, að sama ættin hefur búið á jörðinni í 150 ár.

Afhjúpaður verður minnisvarði helgaður þessum tímamótum og óðalsbóndinn Ólafur Jón Jónsson, mun greina stuttlega frá ábúendasögu jarðarinnar ásamt því að húsráðendur bjóða gestum upp á kaffisopa.

Sveitungar, vinir og venslamenn eru boðnir hjartanlega velkomnir.

# Gáta vikunnar

*Búpeningi safna saman,*
*safna fólki í kosningar.*
*Leita á svæði er svaka gaman,*
*svo má safna almennt þar.*

***Svar við gátu í blaði 2248: LÍTILL***
*Lítillát. Lítillækkun.*
*Lítilhæfur. Lítillega.*






DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
ISSN 1670-407X
Prentmet - Umhverfisvottuð prentsmiðja
**Útgefandi:** Dagskráin, Eyravegi 25, Selfossi - Sími 482 1944 - Fax 482 2835 - netfang: dagskrain@prentmet.is
**Ritstj. og blaðam.:** Örn Guðnason, sími 856 0672, netfang: orng@prentmet.is
**Auglýsingar:** Katla Harðardóttir, sími 482 1944, netfang: katla@prentmet.is
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet Suðurlands, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á þriðjudögum.
Upplag 9000 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar.
Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Prentmet Suðurlands ehf., Eyravegi 25, Selfossi, sími 482 1944.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
239
kr. 770g
Bónus Heimilisbrauð 770g
BÓNUS NÝBAKAÐ
198
kr. 4 stk.
Bónus nýbakaðar Mjúkar kringlur
998
kr. 760g
Bónus Gulrótarterta
79
kr. 500ml
Egils Pilsner
ENERGY DRINK SUGAR FREE
ENERGY DRINK
69
kr. 250ml
75
kr. 330ml
298
kr. kg
NÝIR Íslenskir Tómatar í lausu
498
kr. 8 x120ml
Cobana Ístoppar 8 x 120 ml
398
kr 125g
Bónus Lambhagablanda 125g
298
kr. kg
NÝIR Íslenskir Kirsuberjatómatar
198
kr. kg.
Frá Spáni: Rauð vatnsmelóna
1598
krónur kg.
BÓNUS BACON/BEIKON
398
kr 200g
Bónus Spínat 200g
159
kr 570g
2013 SLÁTRAÐ
1198
krónur kg.
Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri FROSIÐ
2013 SLÁTRAÐ
1198
KR.KG
KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR
759
kr. kg
Sláturfélag Suðurlands
Frosinn grillsagður lambaframpartur
398
kr. 100g
Opera d'Italia Þurrskinka
MÁNUDAGA
MIÐVIKUDAGA
FÖSTUDAGA
198
kr. STK.
NÝJAR BÓNUS SAMLOKUR
149
kr 5 stk.
359
kr. 485g. 10 stk
119
kr 100g
Steiktur laukur 100g
359
kr. 454g
Amerískar Eggjahvítur 454g
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

Föstudagur 27. júní:
Lambakótelettur og kjúklingur með tilheyrandi meðlæti
1579 kr.
Erum á Facebook
Tryggvagötu 40, Selfossi - Sími 482 1770



Ölfusi, 816 Ölfus
Símar 482 1718 & 846 9776
www.kjarr.is // kjarr@islandia.is
Gróðrarstöðin Kjarr

**Fimleikadeild Umf. Stokkseyrar auglýsir lausar þjálfarastöður hjá deildinni**

Fimleikadeild Umf. Stokkseyrar var stofnuð árið 2007 og hefur aðstöðu í íþróttahúsinu á Stokkseyri. Bæði aðstaða og áhaldaeigur hafa farið batnandi nú á síðustu árum og er félagið því þokkalega statt hvað það varðar. Hjá félaginu æfa um 50 börn í 4 aldursskiptum hópum, og eru þau á aldrinum 5 – 17 ára.

Við óskum eftir að ráða 1 – 2 þjálfara sem geta tekið að sér umsjá þessara hópa. Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 18 ára aldri og hafi reynslu af fimleikaþjálfun.

Góð laun í boði fyrir rétta aðila.

Áhugasamir sendi inn umsókn á netfangið: fagurgerdi@gmail.com, fyrir 1. ágúst 2014.

Markmið deildarinnar er að hver og einn iðkandi fái notið sín sem best á æfingum og fari glaður heim að þeim loknum.

*Með von um góð viðbrögð,*
*Fimleikadeild Ungmennafélags Stokkseyrar*

HÚSIÐ Á EYRARBAKKA
Húsið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga er staðsett í Húsinu, söguffrægum bústað kaupmanna sem var byggt 1765. Húsið er eitt elsta hús landsins og glæsilegur minnisvarði þess tíma er Eyrarbakki var einn helsti verslunarstaður landsins.
Þar eru margar og áhugaverðar sýningar um sögu og menningu Árnessýslu, fornfrægt píanó, herðasjal úr mannshári og koppur kóngsins eru meðal sýningargripa. Hlýlegur og heimilislegur andi er aðalsmerki safnsins.
HÚSIÐ Á EYRARBAKKA
Byggðasafn Árnesinga
Opnunartímar: 1. maí – 30. sept. alla daga kl. 11 - 18 eða eftir samkomulagi
Sími: 483 1504 & 483 1082 | husid@husid.com | www.husid.com

# Sumartónleikar í Skálholtskirkju

## - hefjast í 40. sinn, sunnudaginn 29. júní

**Norræn barokkveisla með suður-amerísku ívafi**

Fertugasta hátíð Sumartónleika í Skálholtskirkju hefst með vikulangri Norrænni barokkveislu sunnudaginn 29. júní kl. 20. Sænski hópurinn Ensemble Villancico leikur suður-amerískt barokk með dönsurum upp úr handritum sem legið hafa í yfir 300 ár í klaustri í bænum Ibarra í Ekvador.

Mánudaginn 30. júní mun Nordic Affect flytja glænýja tónlist á barokkhljóðfæri, þ.á.m. verk eftir Maríu Huld Markan, Úlf Hansson og Önnu Þorvaldsdóttur.

Einnig verða tónleikar á dagskrá með hinum sænska barokksérfræðingi Ann Wallström, sem var fyrsti leiðari Bachsveitarinnar í Skálholti. Skálholtskvartettinn kemur einnig fram þessa fyrstu viku Sumartónleika, með Jaap Schröder í fararbroddi sem leikur nú á Sumartónleikum í 22. skipti.

Fimmtudaginn 3. júlí kl. 20 verður svo hátíðin vikunnar náð með úrslitakeppni EAR-ly - Third Nordic Young Early Music Competition, en þar koma fram þrír framúrskarandi ungir hópar ungs fólks sem flytur barokktónlist á upprunaleg hljóðfæri. Keppendurnir eru hóparnir Bastard Barock, Ensemble Flautino og Marini-Ollberg duo og koma frá Svíþjóð og Finnlandi.

Auk tónleikanna verða dagana 30. júní – 2. júlí opnir masterklassar og fyrirlestrar


*Ensemble Villancico 2012. Ljósmynd: Erik Ask-Upmark.*

með virtum barokksérfræðingum eins og Jaap Schröder, Ann Wallström, Johannes Boer, Peter Pontvik og Höllu Steinunni Stefánsdóttur.

**Dagskrá sumarsins**

Sumartónleikar, sem eru nú haldnir í 40. skipti, hefjast 29. júní og standa fram yfir Verslunarmannahelgi með yfir 30 tónleika, fyrirlestra og masterklassa.

Eftir opnunarviku hátíðarinnar koma fram Kór og Kammersveit Listaháskóla Íslands, sem flytja fyrirlestur og tónleika tileinkaða Þorkeli Sigurbjörnssyni. Danski hópurinn Music for the Mysteries og Kammerkór Suðurlands, flytja nýtt verk eftir danska tónskáldið Hanne Tofte Jespersen, sem byggir á keltneskri sögu og tvinnar saman tónlist, dans, leiklist og sjónlist. Voces Thules flytur ásamt Lenu Willemark íslenska miðaldatónlist ásamt sænskri þjóðlagatónlist á tónleikum með spunaívafi. Bach-sveitin í Skálholti verður á sínum stað með hinn danska Peter Spissky sem leiðara og Elfu Rún Kristinsdóttur og Jóhönnu Halldórsdóttur sem einleikara og -söngvara. Caput flytur tónleika tileinkaða Hafliða Hallgrímssyni. Kammerkórinn Hljómeyki flytur verk eftir staðartónskáld sumarsins, Pál Ragnar Pálsson, en hann hefur samið nýtt verk við Ljóðaljóðin fyrir tilefnið. Sumrinu lýkur á franska barokkhópnum Copro di Strumenti, með Steinunni Arnbjörgu Stefánsdóttur í fararbroddi, en munu m.a. sýna listir sínar með tónleikunum „Djúkox", þar sem fiðluleikari hópsins leyfir tónleikagestum að panta lög á fóninn, en hann geymir í erminni fiðlupartítur- og sónötur Bachs með tölu.

Nánari upplýsingar má finna á www.sumartonleikar.is.

# Úr samþykkt um hundahald

Undanfarið hafa borist kvartanir til Sveitarfélagsins Árborgar vegna hunda sem fólk hefur með sér á almennar samkomur. Hingað til hefur ekki mikið verið aðhafst varðandi þessi mál enda flestir hundaeigendur sem passa vel upp á hunda sína. Samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg kveður þó skýrt á um þessi mál. Þar segir í 16. grein þar sem fjallað er um óheimila staði: „Óheimilt er að fara með hunda á almennar samkomur".

Í 16. greininni segir ennfremur að óheimilt sé að fara með hunda inn í skólahús, opinberar byggingar, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem reglur um hollustuhætti gilda. Taldir eru upp í átta liðum staðir þar sem hundar mega ekki vera. Þar má nefna vatnsverndarsvæði, heilbrigðis- og meðferðarstofnanir, veitingastaði og matvöruverslanir, gististaði, skóla og gæsluvelli, snyrtistofur, íþróttahús og heilsuræktarstöðvar og samkomur hvers konar þar sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu og þjónustu.

Óheimilt er að tjóðra hunda eða hafa eftirlitslausa fyrir utan sömu staði.

Í samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, sem gefin var út í apríl 2013, segir ennfremur: „Bæjarstjórn getur ákveðið að merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda. Einnig getur bæjarstjórn ákveðið að láta afmarka ákveðin svæði þar sem sleppa má hundum lausum".

Í vor opnaði sveitarfélagið sérstakt hundasleppisvæði sem rétt er að benda hundaeigendum á. Margir hafa nýtt sér það.



Gerum tjaldvagna og fellihýsi klár fyrir sumarið.
ICECOOL ehf.
Breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361

Garðyrkju- og blómasýningin 2014

# BLÓM Í BÆ

## Hveragerði 27. – 29. júní

*Blómleg og lifandi skemmtun fyrir alla fjölskylduna!*





*LandArt*



*Regnboga-þema*



Sýningin er opin:
Föstudaginn 27. júní kl. 16.00 – 18.00
Laugardaginn 28. júní kl. 12.00 – 18.00
Sunnudaginn 29. júní kl. 12.00 – 18.00

**Aðgangur ókeypis alla dagana!**

**www.blomibae.is**

*Markaðir og sýningarbásar!*

*Listaverk úr blómum! Regnbogakakan 2014!*

*Upplifun!*



ARGH! 0514

SAMBAND GARÐYRKJUBÆNDA · Félag garðplöntuframleiðenda www.gardplontur.is · Blómaskreytar · GRÆNN MARKAÐUR · LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

# Bókabæir og menningartengd ferðaþjónusta

Í byrjun maí 2014 fór undirbúningshópur um *Bókabæinn austanfjalls* til Noregs, Englands og Skotlands. Í undirbúningshópnum eru: Dorothee Lubecki Menningarráði Suðurlands, Bjarni Harðarson Sunnlenska bókakaffinu, Heiðrún Dóra Eyvindardóttir forstöðumaður bókasafns Árborgar og Rannveig Anna Jónsdóttir frá Konubókastofu. Þessi hópur hefur síðan síðla sumars 2013 unnið jafnt og þétt að stofnun Bókabæjarins austanfjalls. Sveitarfélagið Ölfus og Hveragerðisbær styrkti bókabæinn og gátu því fulltrúar þeirra einnig farið til Noregs. Það voru Árný Leifsdóttir frá bókasafni Ölfuss og Hlín Arndal frá Bókasafni Hveragerðis.



*Anna hjá Konubókastofu ásamt Richard Booth stofnanda. Kallaður kóngurinn.*

Tilgangur ferðar undirbúningshópsins var margþættur. Bókabæir eru í um 30 löndum vítt og breitt um heiminn en fyrst og fremst var förinni heitið til gróskumikilla bókabæja þar sem starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt og fest sig í sessi. Markmiðið var að mynda tengslanet, fá að vita hvernig aðrir hefðu farið að stofnun bókabæja, hvað hefur gengið vel og hvað illa og þá hvers vegna.




*Bókum frá Íslandi stillt upp í glugga í Tvedestrand.*

## Tvedestrand

Í bænum Tvedestrand í Noregi fór fram alþjóðlegt þing bókabæja í heiminum. Þau sem komu lengst að á þetta þing komu alla leið frá Malasíu. Í Tvedestrand fengum við að fylgjast með fundahöldum alþjóðasamtakanna I.O.B. Við bjuggum á bókahóteli og fylgdumst með bókmenntadagskrá sem haldin var í tengslum við þingið. Við skoðuðum bókabæinn Tvedestrand og mynduðum mikilvæg tengsl við aðra bókabæi í heiminum. Eftir Noregsdvölina fór undirbúningshópurinn áfram til Englands og Skotlands en Árný og Hlíf héldu heim til sinna starfa.

## Sedbergh

Í Englandi skoðuðum við lítinn bæ sem heitir Sedbergh. Þar var bókabær stofnaður eftir að gin- og klaufaveikin hafði farið illa með héraðið og ferðamenn hættu að koma. Bókabærinn þar gerði það að verkum að ferðamenn fóru aftur að koma til svæðisins.

Í Sedbergh eru stærri fornbókabúðir en einnig litlar búðir, þar sem sala á ýmsum varningi er hafður samhliða sölu á bókum. Til dæmis selur ein verslunin útivistarbúnað og bækur tengdar útivist. Það var afar vel tekið á móti okkur í Sedbergh og áhugi á samstarfi mikill.

## Wigtown

Eftir heimsóknina í Sedbergh fórum við til Wigtown í Skotlandi. Wigtown er einnig lítill bær en þar eru margar fornbókabúðir, allar ólíkar að stærð og gerð. Sumar þeirra eru með kaffihúsi og aðrar selja nýjar bækur með gömlum. Þar var okkur boðið á hádegisfund í byggingu sem notuð er fyrir ýmiskonar viðburði sem haldnir eru af bókabænum. Í þessari byggingu eru einnig bæjarskrifstofur og skrifstofa fyrir Wigtown Bookfestival. Sú hátíð er haldin á hverju hausti og koma um 250 manns þar fram. Gestir á hátíðinni eru hátt í 6000 manns. Þar, eins og hjá flestum öðrum bókabæjum, er mikil áhersla lögð á barna- og unglingastarf. Samhliða hátíðinni er hátíð fyrir börnin sem unnin er í samvinnu við grunnskólann á svæðinu og hátíð fyrir unglinga sem skipulögð er af þeim sjálfum.

## Bókabærinn austanfjalls fær konunglega heimsókn

Eftir þessa ferð höfum við í undirbúningshópnum haft tækifæri til að móta enn betur hugmyndirnar um Bókabæinn



*Lestrarhorn frá bókabúð í Wigtown. Þar er sér deild með verkum eftir konur.*

austanfjalls og höldum ótrauð áfram. Bókabærinn austanfjalls verður á ýmsan hátt ólíkur þeim bæjum sem við heimsóttum en samt sem áður munum við ganga út frá sömu hugmyndum og reynslu. Við verðum t.d. á stóru svæði en ekki eingöngu í einum bæ.

Framundan eru fundir þar sem við kynnum verkefnið fyrir nýjum bæjarstjórnum og síðan kynningarfundir fyrir almenning og fyrirtæki. Stofnandi fyrsta bókabæjarins í Hay on Way í Wales, Richard Boot (The King), hefur boðað komu sína til okkar í haust. Hugmyndin er að vera þá með formlega stofnun Bókabæjarins austanfjalls. Menningarráð Suðurlands, Nýsköpunarsjóður Íslands og SASS hafa styrkt verkefnið. Áhugasömum er velkomið að hafa samband við okkur.

# Klappaði, smellti fingri, dansaði og hlustaði af áfergju



*Christiane L. Bahner.*

Í þar síðustu viku ómaði tónlist í Vallaskóla á Selfossi, en þar fór fram árlegt sumarnámskeið Íslenska Suzukisambandsins. Á námskeiðinu var kennt á fiðlu og píanó, og er notuð svokölluð móðurmálsaðferð við kennslu. Fiðlukennslan fór fram í Vallaskóla og hljómaði fiðluspil úr öllum skólastofum og líka í íþróttasal skólans. Á níunda tug barna og unglinga tóku þátt í fiðlunámskeiði, og fengu þau góðar móttökur í sveitarfélaginu. Einnig komu nokkrir kennarar erlendis frá til að kenna börnunum. Í Suzukinámi eru það hins vegar ekki bara hljóðfæraleikararnir sjálfir sem taka þátt heldur líka foreldrar og e.t.v. systkini barnanna.

Sem foreldri tveggja fiðlustelpna tók ég þátt í námskeiðinu, klappaði með börnunum og fyrir þeim, smellti fingri, dansaði með þeim og hlustaði af áfergju. Á lokatónleikum var ég heilluð af frammistöðu þeirra elstu, einbeitingu og metnaði þeirra yngri og hvað minnstu krakkarnir voru duglegir að standa á sviðinu og spila – sumir reyndar uppteknir við að vinka ættingjum sínum úti í sal. Einnig var áberandi hvað þeim fannst öllum gaman, krakkarnir flissuðu og brostu breitt þegar kennarinn gerði að gamni sínu og unglingarnir voru einbeittir á sviðinu en óþvingaðir og kátir milli tíma. Þar af leiðandi var andrúmsloftið mjög afslappað þrátt fyrir þær kröfur sem gerðar voru til barnanna – það er erfitt að fá hátt upp í fimm kennslutíma hjá ólíkum kennurum á einum degi.

Upphafsmaður þessarar kennsluaðferðar, Shinichi Suzuki, sagði eitt sinn að falleg tónlist gæfi fallegt hjarta og var ekki annað að sjá en að sú kenning sé alveg dagsönn.

Fyrir mitt leyti, fyrir hönd dætra minna og allra hinna þátttakenda vil ég þakka skipuleggjendum námskeiðsins og kennurunum fyrir frábæra helgi. Hlakka til að hitta ykkur öll aftur að ári!

# Gosbrunnurinn

**- ný íslensk skáldsaga eftir Guðmund S. Brynjólfsson**

Út er komin skáldsagan Gosbrunnurinn eftir Guðmund S. Brynjólfsson rithöfund á Eyrarbakka. Bókin sem er 170 síðna vönduð kilja segir frá aðkomumanni sem hefur hreiðrað um sig í litlu þorpi. Hann hefur auðgast af blekkingarleik, en um leið tapað áttum, og finnur sig um hríð heima þar sem margra alda stöðnun og stöðug manndráp hafa klætt mannlífið í dulargerfi. Járnsmiðurinn Rebb er í raun úrsmiður og svo virðist sem systir Lena sé kannski frekar verkfræðingur en eitthvað annað. Lyfjafræðingurinn Adam er víst skartgripasali en jafnvel einnig gullgerðarmaður. Sér hinn blindi Immanuel öðrum betur? Er presturinn úrhrak, og veitingakonan Míra göldrótt? Þannig er fólkið sem byggir þetta undarlega þorp.

Aðeins tvennt er augljóst - og víst: gamli gosbrunnurinn á torginu skal endurgerður og í þessu stríðshrjáða og afskekkta þorpi er ekkert sem sýnist, ekki dauðinn, ekki stríðið - engin stríð.

Guðmundur S. Brynjólfsson hefur fengist við ritun leikrita og barnabóka og hlotið viðurkenn-




ingar fyrir störf sín. Þar ber hæst Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2009 og Grímuna 2010. Síðasta bók Guðmundar, Kattasamsærið hlaut mikið lof gagnrýnenda.

Gosbrunnurinn er fyrsta skáldsagan sem Guðmundur skrifar fyrir fullorðna. Gerður Kristný skrifar í stuttri umsögn um Gosbrunninn: „Guðmundur er afbragðs penni sem kann þá list að leika sér með tungumálið. Síðan er hann líka svo skemmtinn.“

Útgefandi er Bókaútgáfan Sæmundur á Selfossi.

# Hugleiðslunámskeið í Hveragerði

Dagana 9.–13 júlí nk. verður boðið upp á hugleiðslunámskeið á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði þar sem hægt er að velja fimm eða þriggja daga námskeið. Meginìnntak námskeiðsins er að finna sinn innri kraft með hugleiðslu og hjálpa fólki að finna tilgang, innri styrk, aukna orku og ástríðu fyrir lífinu og æðra sjálfi, eins og segir í tilkynningu. Námskeiðið mun gefa fólki einstaka reynslu hvort sem það eru byrjendur eða þeir sem hafa stundað hugleiðslu reglubundið. Leiðbeinandi er Tristan Gribbin hugleiðslukennari.

Auk dagskrár námskeiðsins er innifalin gisting á Heilsuhælinu og hollur matur, aðgangur að líkamsrækt, sundlaugum og baðhúsinu í Kjarnalundi. Einnig er í boði skipulögð ganga, slökunartímar og vatnsleikfimi eða leikfimi. Nánari upplýsingar má fá í síma 483 0300.

# TIL ÍBÚA Á EFTIRFARANDI STÖÐUM

## SELFOSS 800, SELFOSS DREIFBÝLI 801, HVERAGERÐI 810, ÞORLÁKSHÖFN 815, EYRARBAKKI 820, STOKKSEYRI 825, LAUGARVATN 840, FLÚÐIR 845, HELLA 850, HELLA DREIFBÝLI 851, HVOLSVÖLLUR 860, HVÖLSVÖLLUR DREIFBÝLI 861, VÍK 870,VÍK DREIFBÝLI 871 OG KIRKJUBÆJARKLAUSTUR 880

**RÚV** hefur nú hafið stafrænar útsendingar. Við það aukast myndgæðin til muna.

Samhliða uppbyggingu nýja kerfisins verður eldra dreifikerfi **RÚV** lagt niður í áföngum enda er það tæknilega úrelt.



**21. JÚLÍ 2014***
VERÐUR ÚTSENDINGUM UM GAMLA DREIFIKERFIÐ HÆTT Á ÞESSUM STÖÐUM.

*UPPRUNALEGA VAR ÁÆTLAÐ AÐ LOKA GAMLA DREIFIKERFINU 30. JÚNÍ EN AF TÆKNILEGUM ÁSTÆÐUM HEFUR ÞVÍ VERIÐ FRESTAÐ TIL 21. JÚLÍ.



## ÞÚ GÆTIR ÞURFT AÐ GERA RÁÐSTAFANIR FYRIR ÞANN TÍMA

Ef sjónvarpið þitt er tengt við myndlykil nærð þú stafrænni útsendingu án fyrirhafnar.

Ef þú ert ekki með myndlykil og notar loftnet, er ítarlegri upplýsingar að finna á eftirtöldum heimasíðum:

**ruv.is/stafraent** | **vodafone.is/sjonvarp/ruv**
**sart.is** (samtök rafverktaka)

## AÐ SJÁLFSÖGÐU VERÐUR DAGSKRÁ RÚV EFTIR SEM ÁÐUR OPIN ÖLLUM LANDSMÖNNUM!

vodafone

Upplýsingar eru einnig veittar í þjónustuveri Vodafone í síma 1414, auk þess sem rafvirkjar og rafeindavirkjar geta veitt allar upplýsingar er varða loftnetsmál.

RÚV

# Nemendur í 2. bekk heimsóttu Aldísi bæjarstjóra í Hveragerði



*Árgangur 2006 í heimsókn hjá Aldísi bæjarstjóra í Hveragerði.*

Nemendur 2. bekkjar Grunnskólans í Hveragerði, árgangur 2006, heimsóttu bæjarskrifstofuna þann 20. maí sl. og hittu þar Aldísi Hafsteinsdóttur bæjarstjóra. Hún spurði nemendurna um það hverju þeir myndu vilja breyta eða hvað þau gætu hugsað sér í Hveragerði. Meðal þess sem kom fram hjá nemendunum var að það yrði bannað að reykja í Hveragerði, að bærinn eigi að vera eins og hann er og að það verði búinn til óskabrunnur þar sem maður getur kastað pening í vatn og óskað sér. Einnig vildu þau betra leikhús, gera sirkus/tívolí, byggja Eden aftur eins og það var - með apanum honum Bóbó, að það verði gerð skautahöll úti. Þá vildu þau byggja bíóhús í Hveragerði, keilusal, símabúð, tölvubúð, fótboltabúð, leikfangabúð og margt fleira. Annars var lýst yfir ánægju með bæjarstjórann og einnig wipe-out brautina í sundlauginni. Þetta kom fram í bréfi sem þau sendu bæjarstjóra.

# Lárus Viðar Stefánsson íþróttamaður Rangárþings eystra 2013

Lárus Viðar Stefánsson var útnefndur íþróttamaður ársins 2013 í Rangárþingi eystra og fékk hann afhenta viðurkenningu á 17. júní á Hvolsvelli.

Lárus Viðar lék 17 leiki fyrir meistaraflokk KFR í knattspyrnu síðastliðið sumar og skoraði eitt mark. Í þessum leikjum var hann lykilmaður á miðjusvæðinu í liði sem náði þriðja sæti í 3. deild. Árangur liðsins fór fram úr björtustu vonum en liðið er byggt upp á heimamönnum og kostnaður við það ekki eins mikill og við önnur félög í sömu deild.

Lárus hefur auk þessa þjálfað börn og unglinga í sveitarfélaginu í mörg ár og er góð fyrirmynd þegar kemur að heilsu, næringu og hreyfingu. Lárus fékk afhentan farandbikar og eignabikar ásamt árskorti í íþróttamiðstöðina og gjafabréfi í Intersport á Selfossi.



*Lárus Viðar Stefánsson, íþróttamaður Rangárþings eystra 2013 ásamt dætrum sínum.*



## Ný sveitarstjórn Hrunamannahrepps

*Ný sveitarstjórn Hrunamannahrepps tók til starfa þann 19. júní síðastliðinn. Við það tækifæri var myndin hér að ofan tekin við Gömlu laugina í Hvammi. Frá vinstri: Halldóra Hjörleifsdóttir, Ragnar Magnússon, Unnsteinn Logi Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson (nýr í sveitarstjórn) og Bjarney Vignisdóttir.*

# Söngur og tónlistarsmiðja á Klaustri

Mikið verður um að vera á Kammertónleikum á *Kirkjubæjarklaustri – Sönghátíð*, sem nú er haldin í 24. sinn, helgina 27. til 29. júní næstkomandi. Hátíðin býður upp á þrenna tónleika með klassískri tónlist, ókeypis tónlistarsmiðju fyrir börn og stuðlar að nýsköpun í tónlist með því að fá ungt, íslenskt tónskáld til að semja nýtt verk til frumflutnings á hátíðinni.

Föstudaginn 27. júní kl. 21:00 flytja Spilmenn Ríkínís íslenska þjóðlagatónlist úr safni Bjarna Þorsteinssonar, útsetta af hópnum, og tónlist úr íslenskum handritum frá 11. öld.

Laugardaginn 28.júní kl. 17:00 flytja Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Dúo Roncesvalles spænsk lög fyrir rödd, fiðlu og gítar af nýútkomnum geisladiski þeirra, Secretos quiero descuvrir.

Sunnudaginn 29. júní kl. 15:00 stígur kórinn Hljómeyki á stokk, undir stjórn Mörtu Guðrúnar Halldórsdóttur, og syngur tónlist frá sextándu öld til tuttugustu og fyrstu aldarinnar, en kórinn heldur upp á 40 ára starfsafmæli sitt í ár.

Helgina 28.–29. júní verður boðið upp á menntandi og skemmtilega tónlistarsmiðju fyrir 5-12 ára börn. Þátttaka er ókeypis og skráning fer fram í netfanginu kammertonleikar@gmail.com. Börnin munu fara í tónlistarleiki, spinna og taka svo þátt í tónleikum með tónlistarmönnum Kammertónleika á Kirkjubæjarklaustri sunnudaginn 29. júní kl. 15:00. Stjórnandi er Gunnar Ben úr Skálmöld.

Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.kammertonleikar.is.









# Athugasemd við grein um Eyrarbakkalínu

Þar sem Dagskráin hefur ekki fengið réttar upplýsingar hvað varðar byggingu háspennulínu frá Ljósafossstöð að Stóra-Hrauni við Eyrarbakka árið 1946 langar mig að koma á framfæri nokkrum staðreyndum.

Það var á vordögum árið 1946 að Jakob Gíslason raforkumálastjóri og Eiríkur Briem verkfræðingur hjá Rafmagnseftirliti ríkisins fóru austur á Eyrarbakka að hitta Vigfús Jónsson oddvita vegna fyrirhugaðrar háspennulínulagnar frá Ljósafossi að Stóra-Hrauni. Vildu þeir fá hans ábendingu um heppilegan verkstjóra, varð úr að Hannes Andrésson var ráðinn. Vinnuflokkur var myndaður að mestu með mönnum frá Eyrarbakka og Stokkseyri. Verkefnið var nýtt fyrir þeim öllum, voru því fengnir tveir norskir bræður að nafni Ísak og Jakob sem báðir voru vanir háspennulínulögnum til leiðbeininga. Seinni partinn í júlí var svo byrjað að grafa fyrir staurum frá Stóra-Hrauni að Selfossi, einungis notaðar skóflur, hakar og járnkarlar, grunnt er þarna niður á hraun og þurfti að sprengja nokkuð víða fyrir staurunum, helst þurfti holan að vera 2 metra djúp. Staurar í háspennulínuna voru fluttir inn frá Kanada og komu ekki til landsins fyrr en um haustið. Þeir voru mjög þungir, 11 og 12 metra langir, sennilega úr náttúrulegum skógum og hafa enst vel. Notaður var 10 hjóla GMC hertrukkur til verksins, Járnsmiðja KÁ smíðaði gálga á bílinn og spilið á honum notað til að lyfta staurunum í holurnar. Það var hvorki norskur vinnuflokkur eða vinnuflokkur frá Húsavík sem kom að þessu verki. Hvað Norðmennina varðar var Jakob með Hannesi Andréssyni í eitt og hálft ár til aðstoðar.

Árið 1947 var hafin bygging háspennulínu frá Laxárvirkjun til Húsavíkur. Rafmagnsveitur ríkisins tóku að sér umsjón með verkinu. Myndaður var vinnuhópur heimamanna og Ísak hinn norski var beðinn að taka að sér stjórna honum. Hann óskaði eftir að fá Jóhann Benedikt Guðjónsson frá Litlu-Háeyri með sér. Jóhann var einn snjallasti stauramaðurinn í flokki Hannesar og þekkti Ísak það vel. Þeir komust þó aldrei á leiðarenda, því flug-vélin sem þeir fóru með norður fórst í Héðinsfirði 29. maí 1947 ásamt áhöfn og farþegum. Benedikt Gunnarsson byggingatæknifræðingur tók þá að sér stjórnina á Húsvíkingunum. Það er svo í beinu framhaldi af Eyrarbakkaverkefninu að háspennulína er reist frá Selfossi að Hellu. Var rafmagni hleypt á hana seint á Þorláksmessukvöld árið 1947.

Háspennulína var lögð frá Hrauni í Ölfusi til Þorlákshafnar árið 1954 en línan frá Stóra-Hrauni til Þorlákshafnar 1960.

Myndirnar sem birtust með fréttinni eru af Eyrbekkingunum Lárusi Jóhannssyni, Guðjóni Pálssyni og Hannesi Hannessyni. Það er Hannes Hannesson sem stendur uppi á slánni á háspennulínunni Laxárvirkjun-Akureyri sem reist var sumurin 1952 og 1953.

Myndin af línumönnunum var líka tekin þar. Hannes Andrésson var verkstjóri hjá Rarik og forvera þess Rafmagnseftirlitinu frá árinu 1946 til ársloka 1964 og lagði háspennulínur í 10 sýslum landsins. Landið var ekki svæðaskipt á þeim árum.

*Garðar Hannesson.*





# NÁTTHAGI

Harðgerð tré og runnar fyrir garða og skógrækt



Úrval dekurplantna:
| Alparósir
| Klifurplöntur
| Rósir
| Sígrænir runnar
| Ávaxtatré
| Berjarunnar

© Páll Jökull 2012

Finnið okkur á Facebook

Opið kl. 10:00 - 19:00 frá sumardeginum fyrsta og fram á haust.






NÁTTHAGI
Sími 483 4840 | GSM 698 4840
Heimasíða: www.natthagi.is
Netfang: natthagi@centrum.is
Ólafur Njálsson garðyrkjusérfræðingur



# Heima er best

Kjarval



**10% afsláttur**
Holta kjúklingabringur 100% hrein afurð
**2698 kr. kg**
verð áður 2998



**10% afsláttur**
SS ítalskar lambalærissneiðar
**3328 kr. kg**
verð áður 3698



SS Mexíkó grísakótilettur
**2147 kr. kg**



BBQ Spare Ribs, 500 g
**1198 kr. pk.**



Greens maísstönglar, 1 kg
**469 kr. pk.**



**16% afsláttur**
Sól appelsínusafi, 800 ml
**298 kr. stk.**
verð áður 359



**12% afsláttur**
Dala Auður, 170 g
**498 kr. stk.**
verð áður 569



**17% afsláttur**
Plómur, 500 g
**279 kr. pk.**
verð áður 339



**25% afsláttur**
Myllu heimilisbrauð
**268 kr. pk.**
verð áður 358



Doritos Jacked, 165 g
**298 kr. pk.**



**10% afsláttur**
Freyju Mix, 400 g
**679 kr. pk.**
verð áður 759



3 fyrir 2
Fanta Orange, Zero og Exotic, 2 lítrar
**369 kr. 3 stk.**



**10% afsláttur**
DB handsápa, 2 tegundir, 414 ml
**229 kr. stk.**
verð áður 256

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Gildir fimmtudaginn 26. júní - sunnudagsins 29. júní 2014

Kjarval
Sjá opnunartíma á www.kjarval.is
Klaustur // Vík // Hvolsvöllur // Hella // Þorlákshöfn // Vestmannaeyjar



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

## Kennari óskast við Þjórsárskóla

### 80% staða í eins árs afleysingum:

Kennslugreinar: Íþróttir, sund, útinám ásamt hönnun og smíði.

Nánari upplýsingar veitir Bolette Höeg Koch skólastjóri í síma 895 9660, netfang: bolette@thjorsarskoli.is.

Þjórsárskóli er grunnskóli fyrir 1.-7. bekk. Nemendur eru um 40. Þeim er kennt í fjórum kennsluhópum. Í Þjórsárskóla er lögð áhersla á nýsköpun, útikennslu og umhverfið. Yfirmarkmið skólans er að skila landinu til komandi kynslóða í betra ástandi en við tókum við því. Skólinn er Grænfánaskóli og hefur fengið Landgræðsluviðurkenninguna Fjöreggið, auk Varðliða umhverfisins.

Vefslóð www.thjorsarskoli.is.

**Umsóknarfrestur er til 3. júlí næstkomandi.**

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru 540 íbúar. Þéttbýliskjarnar eru við Árnes og á Brautarholti. Í hreppnum eru náttúruperlur á borð við Þjórsárdal. Þjórsárskóli er í tæplega 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.


## Söfnuðu fyrir Rauða krossinn



Vinkonurnar Álfrún Diljá Kristínardóttir og Þórunn Vaka Vigfúsdóttir héldu tombólu um daginn. Þær afhentu Rauða krossinum ágóðann af tombólunni en alls söfnuðust 4.723 kr.


VEITINGAHÚSIÐ
VARMÁ

## Vanur þjónn óskast

Vegna stækkunar á veitingahúsinu Varmá óskum við eftir að ráða ábyrgðarfulla, hressa og duglega þjóna í sal sem allra fyrst.

Aðeins 20 ára og eldri koma til greina.

Hlutastörf möguleg.

Áhugasamir sendi umsókn á info@frostogfuni.is

Nánari upplýsingar veitir Sonja Arnarsdóttir í síma 898 1597







## *Afmæli*



*Kæru vinir og ættingjar!*
*Við, þessir táningar á myndinni, urðum bæði fimmtug í vor.*
*Þeim áfanga ætlum við að fagna í skemmunni á Hjálmsstöðum næsta laugardagskvöld eftir mjaltir, með ykkur sem viljið syngja og gleðjast með okkur.*
*Nánari upplýsingar í síma 865 3679.*

*Pálmi og Erla, Laugarvatni.*

Græjaðu sumarið
með Lenovo!

TRS Ein heild í þína þágu

Lenovo U430
Verð áður: 174.900 kr.
Tilboð: 169.900 kr.

3 ára ábyrgð
Lauflétt og lipur með
i7 örgjörva og 14" snertiskjá.

Lenovo Yoga 11s
Verð: 134.900 kr.

360°
3 ára ábyrgð
11,6" spjald- og fartölva
í einni vél.

Lenovo S6000
Verð áður: 56.990 kr.
Tilboð: 49.490 kr.

3G
Spræk og skemmtileg spjaldtölva
með 3G á frábæru verði.

Lenovo A1000
Verð áður: 17.990 kr.
Tilboð: 15.900 kr.

Lítil og létt 7" spjaldtölva
á frábæru verði.

TRS | Eyrarvegi 37 | www.trs.is | 480 3300

# Menningarráð Suðurlands úthlutaði 38,9 milljónum



Í janúar á þessu ári auglýsti Menningarráð Suðurlands eftir umsóknum um verkefnastyrki og stofn- og rekstrarstyrki til eflingar menningarlífs á Suðurlandi. Alls bárust ráðinu 187 umsóknir um verkefnastyrki samtals að upphæð um 95 milljónir króna. Á fundi ráðsins sem haldinn var 9. júní sl. var samþykkt að veita 110 verkefnum styrki, samtals að upphæð 26,6 milljónir kr. Einnig bárust 14 umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki og var 12 verkefnum veittur styrkur, samtals 12,3 milljónir kr. Styrkjunum var úthlutað við hátíðlega athöfn í Listasafni Árnesinga í Hveragerði sl. föstudag að viðstöddum Illuga Gunnarssyni, mennta- og menningarmálaráðherra.

**Stofn- og rekstrarstyrkir Menningarráðs Suðurlands 2014**

Eldheimar - Vestmannaeyjabær - 1.500.000 kr.
Sumartónleikar í Skálholtskirkju - 700.000 kr.
Fischersetur Selfossi - 500.000 kr.
Gull og gersemar ehf. - 700.000 kr.
Sveitarfélagið Árborg, mjólkursafn - 1.000.000 kr.
Fjallasaum ehf. - 1.000.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga - 1.000.000 kr.
Kötlusetur - 1.000.000 kr.
Kirkjubæjarstofa ses - 3.500.000 kr.
Veiðisafnið - 500.000 kr.
Konubókastofa - 400.000 kr.
Þórður Rafn Sigurðsson/Dala-Rafn, báta- og útgerðarminjasafn - 500.000 kr.

**Samtals 12.300.000 kr.**

**Verkefnastyrkir Menningarráðs Suðurlands 2014**

Samansafnið - 300 ára afmæli Fjalla-Eyvindar, sýning um Eyvind og Höllu - 75.000 kr.
Ása Berglind Hjálmarsdóttir, Tómas Jónsson og Jökull Brynjarsson - Nú verður glaumur og gaman, nú gleðjist hver einasta sál. - 75.000 kr.
Hekluraddir - Hekluraddir í þjálfun - 80.000 kr.
Lúðrasveit Vestmannaeyja - 75 ára afmælistónleikar Lúðrasveitar Vestmannaeyja - 100.000 kr.
Blokkflautukvartett Rangæinga - Blokkflautuspil í sunnlenskum kirkjum - 100.000 kr.
Friður og frumkraftar - Fjölskyldan fagnar Sigri Lífsins - 100.000 kr.
Eyvindur Steinarsson - Gítarmolarnir - 100.000 kr.
Njörður Sigurðsson - Hitamenning í Hveragerði - 100.000 kr.
Hringur, kór eldri borgara í Rangárþingi - Hringur syngur við hvern sinn fingur - 100.000 kr.
Gallerý Gimli - Komdu í heimsókn - 100.000 kr.
Hörpukór - Kóramót og samstarf við aðra kóra eldri borgara - 100.000 kr.
Vörðukórinn - Menning á Þorra /Samstarf við Samkór Reykjavíkur - 100.000 kr.
Þingborg Ullarvinnslan - Samkeppni um Íslenka höfuðfatið 2014 - 100.000 kr.
Raven félagasamtök - SHÄR, dansverkefni - 100.000 kr.
Söngsveitin Tvennir tímar - Söngsveitin Tvennir tímar. Kóramót á Flúðum vorið 2014 - 100.000 kr.
Bakkastofa - Tónleikaröð í Eyrarbakkakirkju - 100.000 kr.
Hollvarðasamtök Fjölbrautaskóla Suðurlands - Þórsþing - 100.000 kr.
Þýsk-íslenska vinafélagið á Suðurlandi - Þýsk menning og hefðir - allan ársins hring - 100.000 kr.
Jörg E. Sondermann, Selfosskirkja - Listafoss Selfosskirkju - 120.000 kr.
Leikfélag Austur-Eyfellinga - Anna í Stóru-Borg - 150.000 kr.
Helga Vilborg Sigjónsdóttir - Auka hróður kvenna í tónlistarlífinu. - 150.000 kr.
Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna - Barið í brestina - 150.000 kr.
Sæheimar Fiskasafn - Blómamyndir - 150.000 kr.
Barnakór Hvolsskóla - Fjórir barnakórar á Suðurlandi með vinsælustu lögin 2013 - 150.000 kr.
Leikfélag Ölfuss - Íslenskt leikverk í fullri lengd - 150.000 kr.
Kaupfélagshúsið ehf. - Kaupmannshúsið - sögusýning, Höfn - 150.000 kr.
Friðsæld ehf. - Kirkjuganga um söguslóðir - 150.000 kr.
Leikfélag Rangæinga - Leiksýning haust 2014 - 150.000 kr.
Leikfélag Selfoss - Leiksýningar Leikfélags Selfoss leikárið 2013-2014 - 150.000 kr.
Konubókastofa - Menningar- og fræðsluþing á Eyrarbakka um íslenskar skáldkonur í ljóðum, tónlist og sögum - 150.000 kr.
Leikfélag Hveragerðis - Mjallhvít og dvergarnir sjö - 150.000 kr.
Jón Bjarnason - Orgeltónleikar á Suðurlandi - 150.000 kr.
Halla Dröfn Jónsdóttir - Puða, juða, tuða, suða. - 150.000 kr.
Kirkjukór Odda - og Þykkvabæjar - Sumar í Odda 2014 - 150.000 kr.
Kammerkór Suðurlands - Tónleikar Kammerkórs Suðurlands 2014 í minningu Sir John Tavener - 150.000 kr.
Tómas Smári Guðmundsson - Tónleikaröðin Átta sjöttu í Pakkhúsinu á Selfossi - 150.000 kr.
Þóra Gylfadóttir og Jón Bjarnason - Tónlistarverkefni á vormánuðum 2014 - 150.000 kr.
Bláskógabyggð - Tvær úr Tungunum, menningahátíð unga fólksins, Reykholt - 150.000 kr.
Kitty Kovács Balázs Stankowsky - Uppáhaldsverk Kitty og Balázs - 150.000 kr.
Birna Kristín Friðriksdóttir - Volcap, opin textílvinnustofa - 150.000 kr.
Jenný Karlsdóttir og Oddný E. Magnúsdóttir - Altarisdúkar í kirkjum á Suðurlandi - 200.000 kr.
Elvar Unnsteinsson - Hafnarrölt - 200.000 kr.
Hugverk í heimabyggð - Hugverk í heimabyggð - 200.000 kr.
Ómar Diðriksson og Sveitasynir - Kynslóðabrúin - 200.000 kr.
Skeiða- og Gnúpverjahreppur - Landnámsdagur - 200.000 kr.
Katla jarðvangur - Menning í Jarðvangsviku - 200.000 kr.
Lúðrasveit Vestm.eyja og Lúðrasveit Þorláksh. - Milli Lands og Eyja - 200.000 kr.



# VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR SUÐURLAND

## Sláturfélag Suðurlands óskar að ráða verkfræðing / tæknifræðing í starf deildarstjóra í framleiðsludeild.

Meðal verkefna eru umsjón með vöruskrá, framlegðar-, verð- og bónusútreikningar, áætlana- gerð, úrvinnsla framleiðsluupplýsinga, endurskoðun verkferla og þátttaka í stjórnun og stefnumótun innan framleiðsludeildar. Óskað er menntunar á sviði verkfræði eða tæknifræði. Reynsla úr matvælaiðnaði er æskileg en ekki nauðsynleg. Starfsaðstaða er á Hvolsvelli en starfinu fylgja bifreiðahlunnindi og því er búseta annars staðar á Suðurlandi vel möguleg.

Nánari upplýsingar gefur Guðmundur Svavarsson, framleiðslustjóri
s. 488 8200, netfang: gudmundur@ss.is.

Áhugasömum er bent á að sækja um á heimasíðu félagsins; www.ss.is undir „sækja um starf".

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2014.

JANÚAR

Sláturfélag Suðurlands er 107 ára, öflugt og framsækið matvælafyrirtæki í eigu búvöruframleiðenda á Suður- og Vesturlandi og almennra hluthafa. Höfuðstöðvar þess eru í Reykjavík og þar eru, auk skrifstofu, markaðs- og söludeildir. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt frystihúsi og vörudreifingu kjötvara. Sláturhús rekur félagið á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess, www.ss.is.

SS fremstir fyrir bragðið


Karlakór Hreppamanna -
Náttúra - maður - hestur - 200.000 kr.
Pétur Thomsen -
Sólheimar - Ljósmyndaverk - 200.000 kr.
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir -
Víkingar á Suðurlandi - 200.000 kr.
Bókabærinn austanfjalls -
Bókabærinn austanfjalls - 250.000 kr.
Leikfélag Vestmannaeyja -
Don't Stop Believing - 250.000 kr.
Björg Þórhallsdóttir - Englar og menn - tónlistarhátíð Strandarkirkju - 250.000 kr.
Barna- og unglingakór Selfosskirkju -
Fagurt galaði fuglinn sá... - 250.000 kr.
Guðmundur Bergkvist -
Fjallkóngur og föruneyti - 250.000 kr.
Héraðssambandið Skarphéðinn -
Heilildarmynd um landsmót UMFÍ á Suðurlandi - 250.000 kr.
Jóhannes Geir Sigurjónsson - Heimildir Grímsnes- og Grafningshrepps. - 250.000 kr.
Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurlands - Leiksýning nemendafélags Fjölbrautaskóla Suðurlands - Footloose - 250.000 kr.
Góðir hálsar ehf. - Ljósmyndasýning, samstarfsverkefni kurlproject Iceland/Eyþór Árnason - 250.000 kr.
Leiðvellir -
Félag um Félagsheimilið Efri-Ey - Mannlíf í Meðallandi V-Skaftafellssýslu - 250.000 kr.
Rekstrarstjórn félagsheimila í Flóahreppi - Tónahátíð - 250.000 kr.
Björgvin Tómasson orgelsmiður ehf. - Tónleikar í Orgelsmiðjunni - 250.000 kr.
Íslenski bærinn (ásamt Háskóla og Listaháskóla Íslands og Háskólaf. Suðurlands) - Archaism, Amnesia and Anarchy in/of Architecture - námskeið - 300.000 kr.
Blús- og rokkklúbbur Hornafjarðar - Blús- og rokkhátíð Hornafjarðar - 300.000 kr.
Listvinafélag Vestmannaeyja -
Dagar lita og tóna - 300.000 kr.
Helga Jónsdóttir -
Hipparnir í bænum - 300.000 kr.
Páll Sveinsson/Hótel Örk - Jazz- og blúshátíð Hveragerðis - 300.000 kr.
Ungmennafélag Selfoss -
Sögusýning í Tíbrá - 300.000 kr.
**Rangárþing eystra - tvö verkefni samtals - 300.000 kr.**
*Verkefni 1 - List í héraði - 200.000 kr.*
*Verkefni 2 - Safnahelgi í Sögusetrinu - 100.000 kr.*
**Bakkatríó / Ingibjörg Erlingsdóttir - tvö verkefni samtals - 300.000 kr.**
*Verkefni 1 - Bakkatríóið - 200.000 kr.*
*Verkefni 2 - Bakkatríóið í Seljavallalaug - 100.000 kr.*
**Bókasafnið í Hveragerði - tvö verkefni samtals - 350.000 kr.**
*Verkefni 1 - Prentsmiðjueintök - 200.000 kr.*
*Verkefni 2 - Ritsmiðja fyrir ungt fólk - 150.000 kr.*
Ásmundur Þórir Ólafsson -
Alþýðutónlistarhátíðin Bakkinn - 400.000 kr.
Hark Kvikmyndagerð - Bræðrabönd - 400.000 kr.
Menningarmálanefnd Skaftárhrepps - Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri - 400.000 kr.
Listvinafélag Hveragerðis - Útisýning um listamennina í Hveragerði - 400.000 kr.
**Hlynur Pálmason - tvö verkefni samtals - 500.000 kr.**
*Verkefni 1 - Sjö bátar - 300.000 kr.*
*Verkefni 2 - Mjólkurstöðin - 200.000 kr.*
**Hveragerðisbær - tvö verkefni samtals - 550.000 kr.**
*Verkefni 1 - LandArt - 400.000 kr.*
*Verkefni 2 - Sögur, ferðir og fróðleikur - 150.000 kr.*
Atgeir ehf. - Einleikur um Mörð Valgarðsson - 600.000 kr.
Vilborg Halldórsdóttir - Gaukssaga - leikrit - 600.000 kr.
**Sveitarfélagið Árborg - tvö verkefni samtals - 600.000 kr.**
*Verkefni 1 - Sögu og menningarsýning í Tryggvaskála - 400.000 kr.*
*Verkefni 2 - Söfnun upplýsinga um gamlar húseignir í Svf. Árborg - 200.000 kr.*
**Sagnheimar, byggðasafn og Safnahús Vestmannaeyjar - fjögur verkefni samtals - 600.000 kr.**
*Verkefni 1 - Saga og súpa í Sagnheimum - 200.000 kr.*
*Verkefni 2 - Ási í Bæ í eitt hundrað ár. - 150.000 kr.*
*Verkefni 3 - Sjóslys við suðurströndina - 150.000 kr.*
*Verkefni 4 - Fjársjóðir menningar um Safnahelgi - 100.000 kr.*
**Sveitarfélagið Ölfus - þrjú verkefni samtals - 750.000 kr.**
*Menningarnefnd Ölfuss - Tónar við hafið 2014 - 400.000 kr.*
*Byggðasafn Ölfuss - Sjómennskan og bátarnir - 250.000 kr.*
*Bæjarbókasafn Ölfuss - Leshringur og vinnustofa. - 100.000 kr.*
**Byggðasafn Árnesinga - fjögur verkefni samtals - 800.000 kr.**
*Verkefni 1 - Kirkjubær - sýning - 300.000 kr.*
*Verkefni 2 - Sýning í Þuríðarbúð - 200.000 kr.*
*Verkefni 3 - Vesturfarar frá Suðurlandi - 200.000 kr.*
*Verkefni 4 - Tónleikar í Húsinu á Eyrarbakka - 100.000 kr.*
**Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Hornafjarðarsöfn - tvö verkefni samtals - 800.000 kr.**
*Menningarmiðstöð Hornafjarðar - Mannlíf og menning í Hornaf.á síðustu öld frá sjónarhóli Heimis Gíslas. - 500.000 kr.*
*Hornafjarðarsöfn - Samfélag í mótun - 300.000 kr.*
**Kötlusetur, Brydebúð og áhugamannafélag um Skaftfelling / Vík í Mýrdal - sex verkefni samtals - 850.000 kr.**
*Menningarfélag um Brydebúð - Lærum að segja frá! - 100.000 kr.*
*Áhugamannafélag um Skaftfelling - Málþing um Skaftfelling - 100.000 kr.*
*Kötlusetur - Björg í bú - Fýll - 150.000 kr.*
*Kötlusetur - Söguslóðir Víkur í Mýrdal - 150.000 kr.*
*Kötlusetur - Lifandi hús, menningardagskrá - 150.000*
*Kötlusetur ses - 320 Íslendingar, ljósmynda-verkefni í Vík í Mýrdal - 200.000 kr.*
**Samtök safna á Suðurlandi - tvö verkefni samtals - 1.100.000 kr.**
*Verkefni 1 - Safnahelgi á Suðurlandi 2014; umsjón og kynningarmál - 600.000 kr.*
*Verkefni 2 - Þróun safnastarfs á Suðurlandi - málþing og safnfræðsla - 500.000 kr.*
**Vestmannaeyjabær - tvö verkefni samtals - 1.250.000 kr.**
*Verkefni 1 - Eldheimar í Vestmannaeyjum-lokahönnun og frágangur - 1.000.000 kr.*
*Verkefni 2 - Logar í 50 ár - 250.000 kr.*
SigvaMedia - Þjóðhátíð í 140 ár - heimildarmynd - 1.250.000 kr.
Listasafn Árnesinga - Listasafn Árnesinga sýningar 2014 - 2.000.000 kr.

**Samtals 26.600.000 kr.**

INTERSPORT errea www.errea.is

# íþróttir

FIMLEIKAR – FÓTBOLTI – FRJÁLSAR - HANDBOLTI – JÚDÓ – MÓTOKROSS - SUND - TAEKWONDO

UMF SELFOSS 1936



## Atvinnumenn Selfyssinga í heimsókn

Fjórir leikmenn frá Selfossi sem í dag eru atvinnumenn í knattspyrnu mættu í Knattspyrnuskóla Selfoss í seinustu viku. Þeir heilsuðu upp á þátttakendur ásamt því að gefa góð ráð og eiginhandaráritanir.

Leikmennirnir eru (frá vinstri) Guðmundur Þórarinsson, leikmaður Sarpsborg 08, Viðar Örn Kjartansson, leikmaður Vålerenga í Osló, Jón Daði Böðvarsson, leikmaður Viking í Stavangri og Sindri Pálmason, leikmaður Esbjerg í Danmörku. Þeir eru allir búnir að fara í gegnum yngri flokka starf félagsins og eru nú fastamenn í sínum liðum.



*Nýir svartbeltingarnir ásamt meistara sínum. Mynd: Umf. Selfoss/KG.*

## Átta Selfyssingar í svartbeltisprófi

Sjö nýir svartbeltingar bættust í hópinn hjá taekwondo-deild Umf. Selfoss um seinustu helgi auk þess sem einn bætti við sig gráðu.

Daníel Jens Pétursson tók próf fyrir 3. dan og Dagný María Pétursdóttir 1. dan en auk þess þreyttu þau 24 klukkutíma próf, svokallað wondan próf, sem ætlað er yfirkennurum. Bjarnheiður Ástgeirsdóttir, Sigurjón Bergur Eiríksson, Hekla Þöll Stefánsdóttir, Pétur Már Jensson og Daníel Fonseca Fortes tóku öll próf fyrir 1. dan. Þess ber að geta að Daníel Fonseca er elstur til að þreyta þetta próf á Íslandi.



## Set-mótið á Selfossi

Set-mótið í knattspyrnu var haldið í fyrsta sinn á Selfossi um þarliðna helgi. Mótið er ætlað fyrir iðkendur á yngra ári í 6. flokki. Mótið gekk vel fyrir sig og voru allir ánægðir með framkvæmd þess.

## Markaþurrð Selfyssinga

Selfyssingar urðu að sætta sig við tap á heimavelli gegn BÍ/Bolungarvík í 1. deild á laugardag. Eftir að Selfyssingar höfðu ráðið ferðinni í fyrri hálfleik voru það Djúpmenn sem skoruðu eina mark leiksins í síðari hálfleik. Eftir markið náðu okkar menn sér ekki á strik og ógnuðu marki gestanna sáralítið. Næsti leikur Selfoss er á gervigrasinu í Laugardal föstudaginn 27. júní kl. 20 gegn KV.

## 3. flokkur á Granollers cup í Barcelona



Þessi glæsilegi hópur 3. flokks karla sem varð bikar- og deildarmeistarar í vetur er nú kominn til Barcelona á Spáni þar sem þeir taka þátt í Granollers cup dagana 23.-30. júní. Það eru þrettán leikmenn sem fara ásamt þjálfurum og fararstjórum.

Von er á spennandi og skemmtilegri ferð sem fer í reynslubankann fræga en þetta er í fyrsta sinn sem lið frá Selfossi tekur þátt í þessu sterka alþjóðlega móti. Strákarnir hafa verið að safna fyrir ferðinni í allan vetur og vilja koma á framfæri þakklæti til allra sem hafa stutt þá.





## Þrjú met og 35 verðlaun á Gogga galvaska

Tólf krakkar frá Selfossi kepptu á frjálsíþróttamóti Gogga galvaska í Mosfellsbæ um síðustu helgi. Krakkarnir stóðu sig frábærlega og unnu samtals til 35 verðlauna, 14 gull, 14 silfur og 7 brons.

Okkar krakkar gerðu sér líka lítið fyrir og settu þrjú Goggamet á mótinu. Kolbeinn Loftsson, 12 ára, bætti 22 ára gamalt met í hástökki þegar hann vippaði sér yfir 1,55 m og var hársbreidd frá því að jafna Íslandsmetið í sínum flokki þegar hann felldi 1,60 m naumlega. Hjalti Snær Helgason, 11 ára, bætti metið í spjótkasti með glæsilegu kasti upp á 28,43 m og Pétur Már Sigurðsson, 14 ára, setti nýtt met í kringlukasti (1 kg) með kasti upp á 39,54 m.

Eins og áður segir unnu krakkarnir til 35 verðlauna en auk þess var nokkuð um að krakkarnir væru að bæta sinn persónulega árangur.

Flottur árangur hjá krökkunum og næsta mót hjá þeim flestum er Gautaborgarleikarnir í Svíþjóð um næstu helgi og verður gríðarlega spennandi að fylgjast með þeim þar.

Öll úrslit mótsins má finna á heimasíðu félagsins www.umfs.is.

## Mótokrossæfingar í fullum gangi

Æfingar hjá Mótokrossdeildinni eru hafnar af fullum krafti og eru fjölmargir krakkar á bilinu 6–16 ára sem æfa hjá deildinni á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum kl. 19:00 í mótokrossbrautinni við Hrísmýri. Enn er ekki fullt í æfingarnar og því er hægt að mæta upp í braut á æfingatíma sé áhugi fyrir hendi að vera með en einnig er hægt að fá frekari upplýsingar hjá Axel í síma 661 7743 eða á axelsig404@gmail.com.



## Norðurálsmótið á Akranesi

Strákarnir í 7. flokki tóku þátt í Norðurálsmóti ÍA á Akranesi um seinustu helgi. Selfoss átti fjögur lið á mótinu og stóðu þau öll fyrir sínu. Ánægjan skein úr andlitum strákanna þegar þeir stilltu sér upp í myndatöku að loknu móti ásamt þjálfurum sínum.

## Dagný skoraði gegn Möltu



Dagný Brynjarsdóttir spilaði allan leikinn fyrir Ísland sem vann öruggan heimasigur á Möltu 5:0 í undankeppni fyrir HM í Kanada fyrir viku. Dagný skoraði fjórða mark Íslendinga í leiknum eftir mikla orrahríð í markteig Möltu. Varnarmaðurinn Thelma Björk Einarsdóttir var einnig kölluð inn í hópinn en kom ekkert við sögu í leiknum.

Ísland er með 13 stig í öðru sæti riðilsins, stigi á undan Dönum.

## Hverjir verða heimsmeistarar í knattspyrnu?

| Brasilía | Þýskaland | Brasilía | Þýskaland | Þýskaland |
|---|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |
| Brynjar Svansson, verkstjóri Rarik á Hellu | Jón Birgir Kristjánsson, mjólkurfræðingur á Selfossi. | Ragnheiður Högnadóttir, aðalbókari hjá Sýslumanninum í Vík. | Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur á Selfossi. | Jóhanna M. Hjartard., menningar- og frístundafulltrúi í Þorlákshöfn |



10 Stjúpur
799
1.290
JOTUN
PALLAOLÍA 3 ltr.
2.385kr
verð áður 3.295
Ódýrara lítraverð
Aðeins
795
kr/ltr
Treolje
Träolja/Træolie
GARÐADAGAR
LÝKUR UM HELGINA!
HEKK- OG GREINAKLIPPUR
25%
afsláttur
Margarita
999
1.599
Tóbakshorn
799
1.390
claber
Tekur 60 m
af 1/2" slöngu
5081658
Slönguhjól
2.995
5.249
Götukústur
999
1.599
Götukústur
5044450/58
Háþrýstidæla
17.995
24.995
Háþrýstidæla með pallabursta
110 bar, 5m slanga.
440ltr/klst.
5254231
Trjáplöntur mikið úrval á tilboði
Birkikvistur
1.799
2.790
Gasgrill
15.990
19.900
Omega 100
Grillflötur 500x360mm,
Hlíf yfir brennara, 6,2 kW
3000226
Garðsett Kingfisher
10.990
16.900
4 stólar, borð og sólhlíf!
3899215
Garðstóll Dolmiti
2.690
4.690
3899428
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Sterna

Sterna hóf hringmiðaferðir þann 2.júní og keyrir alla daga til 10. september. Ferðinar eru í tengslum við hringmiðakerfi Sterna. Ljósmyndastopp við Skógafoss, Seljalandsfoss og Jökulsárlón.

**12 - Reykjavík - Vík - Höfn**

| Frá: Daglega | Tími: |
|---|---|
| Reykjavík (Harpa Tónlistarhús) | 7:30 |
| Selfoss (N1 Bensínstöð) | 8:25 |
| Hella (Olís Bensínstöð/Árhús) | 08:55/09:05 |
| Hvolsvöllur (N1 Bensínstöð) | 09:15/09:20 |
| (Landeyjahöfn)* | (09:40)* |
| Seljalandsfoss | 09:50/10:10 |
| Skógar (Tjaldstæði) | 10:40/11:00 |
| Vík (N1 Bensínstöð) | 11:30/12:00 |
| Kirkjubæjarklaustur (N1 Bensínstöð) | 13:00/13:05 |
| Skaftafell (Upplýsingamiðstöð) | 14:05/14:20 |
| Jökulsárlón (Stoppum fyrir bátsferðina) | 15:20/17:00 |
| Höfn (Tjaldstæði og Farfuglaheimilið) | 18:00 |

**12a - Höfn - Vík - Reykjavík**

| Frá: Daglega | Tími |
|---|---|
| Höfn (Tjaldstæði og Farfuglaheimilið) | 7:30 |
| Jökulsárlón ( Stoppum fyrir bátsferðina) | 8:50/10:20 |
| Skaftafell (Upplýsingamiðstöð) | 11:20/11:35 |
| Kirkjubæjarklaustur (N1 Bensínstöð) | 12:35/13:05 |
| Vík (N1 Bensínstöð) | 14:05/14:10 |
| Skógar (Tjaldstæði) | 14:40/15:00 |
| Seljalandsfoss | 15:30/15:50 |
| (Landeyjahöfn)* | (16:05) |
| Hvolsvöllur (N1 Bensínstöð) | 16:25/16:35 |
| Hella (Olís Bensínstöð/Árhús) | 16:45 |
| Selfoss (N1 Bensínstöð) | 17:15 |
| Reykjavík (Harpa Tónlistarhús) *Endastöð | 18:15 |

* Stoppum í Landeyjahöfn sé þess óskað - Vinsamlegast látið vita klukkustund fyrir brottför - Sími 551 1166

Bílfreyja frá Sterna er um borð í rútunum

Frítt þráðlaust net um borð í Sterna rútunum

12&12a Verðdæmi

| | |
|---|---|
| Reykjavik <> Landeyjahöfn: | 3.400 kr |
| Reykjavík <> Skógar: | 3.600 kr |
| Reykjavík <> Skaftafell: | 7.200 kr |
| Reykjavík <> Höfn: | 9.900 kr |

Hægt er að kaupa miða um borð í rútunni, í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi Reykjavíkur eða á www.sterna.is. Sími: 551 1166

# Hestamenn með sér sjónvarpsrás á Landsmótinu við Hellu

Beinar sjónvarpsútsendingar í háskerpu - frá báðum keppnisvöllum - verða frá Landsmóti hestamanna á Gaddstaðaflötum við Hellu á Landsmótsrásinni í Sjónvarpi Símans dagana 30. júní til 6. júlí. Á Landsmótsrásinni verða ekki aðeins beinar útsendingar heldur verður einnig hægt að fylgjast með undankeppni og undirbúningi unga knapans Arnars Mána Sigurjónssonar fyrir mótið í glænýjum raunveruleikaþætti sem frumsýndur verður í Sjónvarpi Símans.

Tökulið frá framleiðslufyrirtækinu Kukli fylgir Arnari Mána svo eftir á Landsmótinu sjálfu; tekur upp, klippir og verða þættirnir sýndir jafnóðum í Sjónvarpi Símans.



*Axel Ómarsson, framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna, og Njáll Þórðarson, vörustjóri hjá Símanum.*

„Hestamenn geta aukið upplifun sína af mótinu með því að hafa Landsmótsrásina með í för," segir Axel Ómarsson, framkvæmdastjóri Landsmóts hestamanna: „Landsmótsgestirnir geta þannig fylgst með báðum keppnisvöllunum samtímis úr áhorfendaskaranum á Hellu, haft augun á mótinu inni í tjaldi á hvíldartíma eða utan mótsvæðis þurfi þeir að skreppa frá," bendir hann á.

„Hestaáhugamenn sem ekki komast á Hellu geta einnig fylgst gaumgæfilega með keppninni í gegnum Landsmótsrásina í Sjónvarpi Símans." Axel nefnir einnig að með Tímaflakkinu verður hægt að horfa á sjónvarpsútsendinguna 24 stundir aftur í tímann: „Svo má nota appið fyrir Sjónvarpi Símans til að sjá tilþrifin aftur og aftur úr brekkunni."

Njáll Þórðarson, vörustjóri hjá Símanum, fagnar samstarfinu við hestamenn sem nú tekur nýja stefnu. „Síminn hefur verið bakhjarl Landsmóta hestamanna til margra ára. Á árinu 2012 kynntum við app fyrir mótið til leiks og núna sjónvarpsútsendingarnar í appinu að Sjónvarpi Símans. Við erum mjög spennt að sjá hvaða móttökur Landsmótsrásin fær og munum að sjálfsögðu halda appinu úti með öllum þeim fréttum og upplýsingum sem þar eru."

## Frá ferðanefnd - Dagsferð 16. júlí í Borgarfjörð

Lagt af stað frá Grænumörk kl. 9:00 og komið til baka um kl. 19.
Selfoss – Þingvellir – Uxahryggir – Lundarreykjardalur – Reykholt – Húsafell – Geitasetrið Háafelli (ef tími leyfir) – Hvítársíða - Borgarnes – Selfoss.
Áætlað verð 6.500-7500 kr. greiðist í rútunni. Þátttöku þarf að tilkynna fyrir 12. júlí til Steingerðar í síma 482 2372 / 864 6945 eða Guðrúnar í síma 482 1819 / 865 2857.
Skráningarblað er einnig í Grænumörk 5.

## Ljósmyndasýning - Hveragerði á hverfanda hveli

Ljósmyndasýning Arnþórs Ævarssonar, Hveragerði á hverfanda hveli, verður formlega opnuð á Bókasafninu í Hveragerði laugardaginn 28. júní kl. 12 í hádegi og eru allir hjartanlega velkomnir. Boðið verður upp á spjall og hressingu. Bókasafnið verður opið til kl. 17 þann dag og kl. 13-16 sunnudaginn 29. júní í tilefni af Blómum í bæ.

Sýningin er opin um leið og safnið, virka daga kl. 13-18:30 og laugardaga kl. 11-14 og lýkur 26. júlí.



## Nýtt dreifikerfi RÚV frá 21. júlí

Stafrænt dreifikerfi RÚV verður tekið í notkun í áföngum á árinu 2014. Nú er komið að Selfossi 800, dreifbýli Selfoss 801, Hveragerði 810, Þorlákshöfn 815, Eyrarbakka 820, Stokkseyri 825, Laugarvatni 840, Flúðum 845, Hellu 850, dreifbýli Hella 851, Hvolsvelli 860, dreifbýli Hvolsvöllur 861, Vík 870, dreifbýli Vík 871 og Kirkjubæjarklaustri 880.

Þann 21. júlí verður skipt yfir í stafrænar útsendingar. Upprunalega var áætlað að loka gamla dreifikerfinu 30. júní en af tæknilegum ástæðum hefur því verið frestað til 21. júlí.

Ef þú býrð á þessu svæði, ert ekki með myndlykil og notar loftnet er ráðlegt að fara inn á eftirfarandi vefsíður til að fá nánari upplýsingar: www.ruv.is/stafraent, www.vodafone.is/sjonvarp/ruv eða www.sart.is eða hringja í þjónustuver Vodafone í síma 1414.

Stafræn tækni hefur rutt sér til rúms á fjölmörgum sviðum mannlífsins á síðastliðnum árum. Hljómplötur og plötuspilarar eru löngu horfin úr almenningseign og hljómsnældur og segulbönd heyra sögunni til. Nýrri fyrirbæri eins og DVD, VOD og minnislyklar hafa komið í staðinn.

Um allan heim er verið að leggja niður hliðrænt dreifikerfi sjónvarps. Það hefur þegar verið gert í nágrannalöndum okkar og verður gert í áföngum á þessu ári hjá RÚV. Góðu fréttirnar eru að með stafrænum útsendingum aukast myndgæðin til muna.

## Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárþings ytra



Á fyrsta fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra var samþykkt með fjórum atkvæðum meirihlutans tillaga um að Ágúst Sigurðsson verði ráðinn sveitarstjóri. Þorgils Torfa Jónssyni, oddvita, var falið að gera drög að samningi við Ágúst. Jafnframt er oddvita falið að semja við Drífu Hjartardóttur um að gegna embætti sveitarstjóra, þar til Ágúst getur tekið til starfa.

-ög

## Kjartan forseti bæjarstjórnar í Árborg



Nýkjörin bæjarstjórn Árborgar kom saman til fyrsta fundar þann 18. júní sl. Á fundinum var kosið í embætti til eins árs og var Kjartan Björnsson kosinn forseti bæjarstjórnar, Ari Björn Thorarensen 1. varaforseti og Sandra Dís Hafþórsdóttir 2. varaforseti. Í bæjarráð voru kosin Gunnar Egilsson (formaður), Sandra Dís Hafþórsdóttir og Eggert Valur Guðmundsson.

Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði eru Helgi S. Haraldsson og Viðar Helgason.

-ög

## Gunnsteinn áfram bæjarstjóri í Ölfusi



Á fyrsta fundi bæjarstjórnar Ölfuss, sem haldinn var 19. júní sl., var Sveinn Steinarsson kjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs og Anna Björg Níelsdóttir varaforseti. Í bæjarráð voru kosin Anna Björg Níelsdóttir (formaður), Jón Páll Kristófersson (varaformaður) og Ármann Einarsson. Sigurlaug Gröndal er áheyrnarfulltrúi. Þá var á fundinum forseta bæjarstjórnar og formanni bæjarráðs falið að ganga frá ráðningarsamningi við Gunnstein R. Ómarsson í starf bæjarstjóra Sveitarfélagsins Ölfuss kjörtímabilið 2014 til 2018 og leggja fyrir næsta fund bæjarráðs til staðfestingar.

-ög

# ATVINNA

## STARFSKRAFTUR ÓSKAST Í METRAVÖRUDEILD OKKAR

**Leitum að jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingi. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.**



**Nánari upplýsingar veitir Hafþór verslunarstjóri í síma 842-8080 eða á netfanginu selfoss@rfl.is**

**Umsóknarfrestur er til 30. júní 2014**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



SS fremstir fyrir bragðið

# Hrossa- og nautgripabændur!!!

**Vantar hross og nautgripi til slátrunar.**

**Sumarverð á hrossum 110 kr/kg. fyrir HRIA. Forðist biðlista í haust.**

Í samræmi við stefnu félagsins um ráðstöfun tekju-afgangs, greiddi það bændum í mars sl. 2,7% viðbót ofan á afurðaverð síðasta árs fyrir allar kjöttegundir.

**Sláturpantanir í síma 480 4100.**

Sláturfélag Suðurlands
Selfossi



*Guðmundur Tyrfingsson ehf*

**Starfsmaður á ferðaskrifstofu**

Guðmundur Tyrfingsson ehf leitar eftir metnaðar-fullum starfsmanni með ríka þjónustulund til starfa á ferðaskrifstofu sinni á Selfossi.

Hæfniskröfur:

- Góð enskukunnátta, töluð og skrifuð
- Góð tölvukunnátta
- Getur unnið sjálfstætt
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla og þekking á ferðaþjónustu æskileg
- Viðskiptafræði eða sambærileg menntun æskileg

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið sb@gtyrfingsson.is.

Guðmundur Tyrfingsson ehf er rótgróið ferðaþjónustu-fyrirtæki sem var stofnað 1969. Skrifstofan er staðsett á Selfossi.



# Reiðhjól og reiðhjólavörur

## Við seljum Trek reiðhjól

**TREK Mystic**



**TREK Jet**



**TREK Rage**



**TREK 220**



**TREK Skye**



**TREK 3500**





Hjálmar Veifur Ljós Körfur

**Viðgerða- og varahlutaþjónusta fyrir öll reiðhjól**

**Opnunartími 08-12:00 og 12:30 – 18:00**
**Opið á laugardögum 10:00 – 15:00**

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / 700 - Egilsstaðir
Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is



DFS.IS
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS







# Hugleiðsla fyrir alla

## Hugleiðslunámskeið 9.-13. júlí

Finndu þinn innri kraft með hugleiðslu er megininntak námskeiðsins sem mun hjálpa þér að finna tilgang, innri styrk, aukna orku og ástríðu fyrir lífinu og æðra sjálfi.

Námskeiðið mun gefa þér einstaka reynslu af hugleiðslu, hvort sem þú ert byrjandi eða hefur stundað hugleiðslu reglubundið. **Auk dagskrár er innifalið:** Gisting, ljúffengur og hollur matur, aðgangur að líkamsrækt, sundlaugum og baðhúsinu Kjarnalundi, skipulögð ganga, slökunartímar og vatnsleikfimi eða leikfimi.
Leiðbeinandi er Tristan Gribbin, hugleiðslukennari.



**Fimm daga námskeiðið,** frá miðvikudegi til sunnudags, 9.–13. júlí kostar 119.900 kr. fyrir einbýli en 109.900 kr. á mann í tvíbýli.
**Þriggja daga námskeiðið,** frá föstudegi til sunnudags, 11.–13. júlí kostar 65.000 kr. í einbýli en 59.000 kr. á mann í tvíbýli.

**Nánari upplýsingar í síma 483 0300 eða á heilsu@hnlfi.is**

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

*- berum ábyrgð á eigin heilsu*

## Kynning á breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022, fyrir verslunar- og þjónustusvæði sem nær til Oddabrautar 24 í Þorlákshöfn

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti á fundi sínum 19. júní 2014 breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022, til að breyta lóðinni Oddabraut 24 í verslunar- og þjónustusvæði samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Skipulagslýsing hefur verið kynnt og bárust engar athugasemdir. Nú er aðalskipulagsbreytingin kynnt og liggja gögnin frammi á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, á skrifstofutíma frá 9-12 og 13-16 virka daga.
Kynningin er til og með 3. júlí 2014.

*Sigurður Ósmann Jónsson,*
*skipulags- og byggingafulltrúi.*

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Sveitarfélagið Árborg auglýsir stöðu ráðgjafa hjá Félagsþjónustu Árborgar

**Í starfinu felst vinna vegna:**
- Fjárhagsaðstoðar
- Félagslegrar ráðgjafar í einstaklingsmálum
- Virkniúrræða

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Krafist er menntunar á sviði félagsvísinda og/eða annarrar háskólamenntunar sem nýtist í starfi
- Krafist er reynslu á sviði félagsþjónustu
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðeigandi stéttarfélags og Launanefndar sveitarfélaga. Störfin hæfa jafnt körlum sem konum.

*Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Félagsþjónustu Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfossi, eigi síðar en 10. júlí 2014.*

Nánari upplýsingar um starfið veita Anný Ingimarsdóttir, verkefnisstjóri félagslegrar ráðgjafar, anny@arborg.is og Fjóla Kristinsdóttir, ráðgjafi, fjola@arborg.is eða í síma 480 1900.

UMF SELFOSS 1936

**Selfoss - ÍBV**

JÁVERK -vellinum

**Föstudaginn 27. júní kl. 19:15**

**Allir á völlinn og hvetjum stelpurnar okkar í bikarnum!**
**Grillið verður funheitt fyrir leikinn.**

Sveitarfélagið ÁRBORG · Íslandsbanki · SET · Jp lögmenn · SLYSABÆTUR.is

# Grænmetismarkaðurinn í Hveragerði fyrr á ferðinni



Grænmetismarkaður opnar á bílastæði Leikfélags Hveragerðis við hliðina á gamla Eden föstudaginn 27. júní nk. Er þetta fimmta árið í röð sem markaðurinn er starfræktur og er hann tveimur til þremur vikum fyrr á ferðinni en áður. Opið verður föstudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 12:00-18:00, allar helgar fram á haust.

Nýtt grænmeti úr gróðurhúsum og nýupptekið útigrænmeti verður í boði um leið og það þroskast en það er óvenju snemma á ferðinni þetta árið. Kínakál, salat, hnúðkál, steinselja, grænkál og gulrætur er það fyrsta sem kemur þetta sumarið. Síðar bætist við hvítkál, spergilkál, blómkál, sellerí, púrra, rófur og kartöflur.

Bleikja, hrossabjúgu og broddur verða á sínum stað eins og venjulega. Dömurnar á myndinni, Helga, Arna og Katrín Linda verða að sjálfsögðu mættar og brosa sínu breiðasta eins og venjulega ásamt fleiri ómissandi hjálparhellum.

# Vítamín Náttúra

## - Sýning sett upp í Listasafni Árnesinga í tengslum við Blómstrandi daga í Hveragerði

„Það hefur verið sýnt fram á að náttúran hefur sérstaklega jákvæð áhrif á samskipti, sambönd og heilsu í alla staði svo hví ekki að nýta hana sem úrræði í byggðu umhverfi?“ segir Anna Birna Björnsdóttir, sem lauk nýverið meistaranámi frá Kunst- og designhøgskolen i Bergen, Noregi og hreppti útskriftarverðlaunin við það tilefni.



*Anna Birna með verðlaunaviðurkenninguna. Verkefnið í baksýn.*

Lokaverkefni hennar, Vítamín Náttúra, fjallar um áhrif umhverfis á heilsu og samskipti og er líkan að endurhæfingarstöð fyrir fjölskyldur. Anna Birna, sem ólst upp í Hveragerði hefur staðsett stöðina við lítinn foss sem heitir Baula, rétt fyrir ofan Hveragerði. Þar er hægt að baða sig í ánni og við lítinn hver sem hitar upp vatnið. Náttúran á svæðinu er hluti hönnunarinnar og notuð sem meðferðarúrræði. Vítamín Náttúra er sett upp í Listasafni Árnesinga í tengslum við Blómstrandi daga í Hveragerði.

Á námstímanum hefur Anna Birni vakið athygli fyrir verk sín. Þegar nýsköpunarmiðstöðin Impact Hub var að koma sér fyrir í Bergen var nemendum nokkurra hönnunarskóla í Noregi boðið að mynda vinnuhópa og senda inn tillögur að innréttingu aðstöðunnar. Tíu nemendahópar tóku þátt í þessari samkeppni og tillaga hópsins sem Anna Birna var í varð fyrir valinu. Impact Hub er með aðsetur í 36 borgum 5 heimsálfa og býður aðstöðu fyrir frumkvöðla til þess að vinna, hittast, læra, tengjast og koma framskæknum hugmyndum af stað með sjálfbærni að leiðarljósi.

Anna Birna hannaði einnig fjölnota húsgagnið Broti sem sýnt var á virtri húsgagnasýningu, Stockholm Furniture Fair 2012. Þar náði Broti athygli nokkurra framleiðanda. Það verður einnig til sýnis ásamt útskriftarverkefninu Vítamín Náttúra í Listasafni Árnesinga til 6. júlí. Til sama tíma stendur einnig sýningin Hringiða sem var á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík og fjallar um mörk eða landamæri, huglæg og raunveruleg. Einnig er í gangi örmyndasýningin Ég er Ísland - Suðurland í mannsmynd. Safnið er opið alla dag kl. 12-18 og aðgangur er ókeypis.

# Sumarnámskeið - jóga í vatni

Jóga í vatni hefur notið sívaxandi vinsælda á höfuðborgarsvæðinu og hefur verið kennt þar í um þrjú ár í fjórum sundlaugum. Nú stendur til að halda sumarnámskeið í jóga í vatni í sundlauginni á Selfossi dagana 30. júní til 4. júlí. Um er að ræða fjögurra daga námskeið sem stendur yfir kl. 18-19 dag hvern. Kennari er Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir og kostar námskeiðið 5.500 krónur.

Jóga í vatni er mildir og endurnærandi tímar fyrir líkama, huga og sál. Vatnið mýkir vöðva og liði og í hverjum tímar eru jógaæfingar, fljótandi slökun í flotbúnaði og hugleiðsla í heitum potti. Hægt er að lesa meira um námskeiðið á vefsíðunni www.graenilotusinn.is.



*Frá jógahugleiðslu í Fontana á Laugarvatni.*

## BÍLAR

**Klettur** ehf
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Shell smurþjónusta
HEKLA ÞJÓNUSTUUMBOÐ SELFOSSI

**AB SKÁLINN**
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**
**Sími 696 1752**

**Al-Anon**
**Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 21:00, Hrísholti 8.**

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla sunnudaga kl. 16 Hrísholti 8, Selfossi (AA húsið). Nánari upplýsingar coda.is.

**AA**
Fundir alla miðvikudaga kl.19:30.
**Hrísholti 8, Selfossi.**
**Nánari upplýsingar á aa.is**

## HEILSA

**Energy Touch - Nudd - Heildræn meðhöndlun**
Áttund
**Jákvæðar hugsanir breyta deginum**
***Vinsælu gjafakortin***



*Cand.mag. í íþróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, nuddmeistari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.*
***Ragnhildur Sigurðardóttir***
***farsími 693 2197***

## TIL SÖLU



**Til sölu**
Hyundai Santa Fe, 05/2011, diesel, sjálfskiptur, ekinn 48.000 km. Dráttarkrókur með rafmagnstengi fyrir hjólhýsi. Vetrardekk á álfelgum. Verð 4.950.000 kr. Upplýsingar í síma 898 6452, Bjarni.

## ATVINNA

**Atvinna óskast**
30 ára karlmaður óskar eftir vinnu á Selfossi eða nágrenni. Uppl. í síma 865 7318, Ólafur.

## ÞJÓNUSTA

***KJARNA-BÓKHALD***
*Austurvegi 6 - 800 Selfossi*
*Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is*
**Bókhald • Framtöl • Skattskil**
**Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.**
**Ráð í rekstri!**

**BR FLUTNINGAR**
***S: 662-1122***
**Daglegar ferðir**
**SELFOSS - REYKJAVÍK**
**SUÐURLAND**

**• STEYPUSÖGUN • KJARNA-BORUN • INNRÖMMUN • • FLUTNINGAR •**
Saga dyragöt, gluggagöt og fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
*Ramma inn myndir, spegla og fleira.*
***Opið frá kl. 12-20 virka daga, og þess utan ef einhver er við.***
**ÁSGEIR EGGERTSSON**
**Sléttuvegi 6, Selfossi**
**Sími 482 2319 - 893 9068.**
**STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.**

**X5**
**Persónuleg þjónusta**
**Bílaviðgerðir**
**Hjólbarðasala**
**Hjólbarðaþjónusta**
**Gagnheiði 34 S: 893-3305**
SUNNY WANLI

**Hjá Maddý ehf.**
Eyravegi 27- 800 Selfoss
s. 482 3454 – maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Launavinnsla
Reikningaskrif
Greiðslumat
Greiðsluerfiðleikamat
Persónuleg þjónusta

## DÝRAHALD



**Til sölu**
er þessi fallegi og einstaklega geðgóði ísl. hvolpur. Ættbók frá HRFÍ. fylgir honum. Uppl. í sími 899 7614.




## KIRKJUR

**Hvítasunnukirkjan Selfossi**
**Austurvegi 40b**
**www.selfossgospel.is**
*Sunnudag kl. 11* - Samkoma, barnapössun og kaffiveitingar.
*Mánudag kl. 20* - Celebrate Recovery 12 spora fundir. Opnir fyrir alla. www.celebraterecovery.is.
*Fimmtudag kl.19* - Bænastund

**Selfosskirkja**
Messa kl. 11. Prestur Axel Á Njarðvík. Organisti Jörg Sondermann. Súpa í hádeginu gegn vægu gjaldi. Allir velkomnir - sjá nánar á www.selfosskirkja.is.

**Skálholtsdómkirkja**
Messa sunnudag 29. júní kl. 11.00. *Sóknarprestur.*

## TAPAÐ - FUNDIÐ

**Vínrauð barnatreyja**
með rennilás og merkt Umf. Selfoss, fannst á göngustíg við Fossveg á Selfossi sl. mánudag. Eigandi getur vitjað hennar í afgreiðslu Prentmets Suðurlands, Eyravegi 25.

## HÚSNÆÐI ÓSKAST

**Óska eftir**
3ja herb. íbúð eða litlu raðhúsi til leigu á Selfossi. Er reglusamur og rólegur. Skilvísar greiðslur. Uppl. í síma 866 0504.

## JARÐNÆÐI



**Sumarbústaðalönd**
til sölu við Sólheimaveg í Grímsnesi. 5,6 ha. land, verð 7,8 millj. og 2,6 ha. land, verð 4,8 millj. Teikningar fylgja. Uppl. í síma 821 4958.

## Uppsveitir Árnessýslu og Flói óska eftir félagsráðgjafa til starfa

Félagsráðgjafi óskast til starfa hjá sveitarfélögunum í uppsveitum Árnessýslu og Flóa. Um er að ræða 100% stöðu. Starfsstöð félagsráðgjafa er á heilsugæslunni í Laugarási. Samstarf er á milli sjö sveitarfélaga í Árnessýslu á sviði skóla- og velferðarþjónustu. Einn forstöðumaður er yfir svæðinu og er sameiginleg skólaþjónustu- og velferðarnefnd. Forstöðumaður hefur yfirumsjón með faglegu starfi og ráðgjöf. Sveitarfélögin bjóða upp á fjölbreytt verkefni á sviði skóla- og velferðarmála, svigrúm til nýrra verkefna og vinnubragða.

***Helstu verkefni starfsins eru:***
- Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð
- Barnavernd
- Málefni fatlaðra
- Málefni aldraðra
- Önnur verkefni sem falla undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga

***Hæfniskröfur:***
- Félagsráðgjafamenntun
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu
- Hæfni í að tjá sig í ræðu og riti

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu berist til Maríu Kristjánsdóttur, forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings á netfangið maria@hveragerdi.is fyrir 9. júlí 2014.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Samband íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**Lagnaþjónustan ehf**
**Pípulagnir - Efnissala**
**482 2311 ☎ 696 2311**
**Skrifstofa Þjónustusími**

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2249 Fimmtudagur 26. júní 2014

FROSTmark EHF
www.frostmark.is
Kælikerfi - Frystikerfi
Hönnun - Sala - Þjónusta
Gagnheiði 69 • 482 3595 • 544 5858

SELÓS
Gagnheiði 72 • 800 Selfoss
Sími 482 4100 • www.selos.is



Rannveig Ólafsdóttir afhjúpar skilti um Klausturstíg

# Klausturstígur, gönguleið umhverfis Kirkjubæjarklaustur

Gönguleiðin Klausturstígur var formlega vígður með göngu um hluta stígsins og afhjúpun skiltis af leiðinni, þann 17. júní síðastliðinn. Vígslan var hluti af þjóðhátíðarskemmtun á Kirkjubæjarklaustri.

Klausturstígur er um 20 km löng gönguleið umhverfis Kirkjubæjarklaustur. Skiltið sem sýnir gönguleiðina er við Skaftárstofu - upplýsingamiðstöð sem staðsett er í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli. Leiðin er stikuð og vel merkt og við hana eru skilti með fræðslu um jarðfræði, landmótun og sögu svæðisins. Hægt er að byrja og enda gönguna hvar sem er og einnig er hægt að skipta leiðinni niður í fleiri styttri göngur. Leiðin er vel greiðfær og það gæti tekið um 7 - 9 klukkustundir að ganga hana alla ef rólega er gengið og notið upplifunar á leiðinni.

Gönguleiðabæklingur með ítarlegum upplýsingum um Klausturstíg verður til sölu í Skaftárstofu.

Gerð hefur verið snjallleiðsögn um leiðina sem hægt er að nálgast í gegnum smáforritið Locatify fyrir Android, iPhone og iPad. Forritið fæst gjaldfrjálst í gegnum App Store og Google Play.

Klausturstígur er samstarfsverkefni Kirkjubæjarstofu, Kötlu jarðvangs og Friðar og frumkrafta - hagsmunafélags atvinnulífs í Skaftárhreppi.

Vinir Vatnajökuls styrktu gerð göngustígsins og útgáfu gönguleiðabæklingsins.

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög, einstaklinga og sumarhúsaeigendur.
• múrviðgerðir • pípulagnir
• þakviðgerðir • raflagnir
• málningarvinna • flísalagnir
• trésmíðavinna • jarðvinna
• gluggaskipti • hellulagnir
• glerskipti
Sveppagreining og allar almennar greiningar á fasteignum
Sími 665 4984
sudurland@vidhald.is
www.vidhald.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Raf- og Kæli-þjónustan ehf.
Sími 692 4649
• Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum • Ísskápaviðgerðir • Almennar raflagnir

FRÓN
heitasti tónlistar- & næturklúbbur á Íslandi
Fimmtudagur: 2 fyrir 1 af ísköldum til kl 23:00. Opnum kl. 20:00 vegna HM Suður Kórea - Belgía! Longe tónlist og huggulegheit eftir leikinn til kl. 01:00
Föstudagur: Captain Morgan kvöld með Eyþóri Jóns a.k.a Klettinum hefst kl 23:00! 50 fyrstu Frónverjar sem mæta fá Captain drykk í hönd
Laugardagur: Frikki Frigore fríkar út! Flottir afmælisstrákar halda partý og Frón fyllist af flottu fólki, hvað eru mörg F í því?
Boltinn í beinni
fron@fronclub.is / Eyravegi 35 / 800 selfoss

Bú Aðföng
ÁBURÐUR
Sími 487 8888

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
TOYOTA
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

VÖRUFLUTNINGAR
Reykjavík - Árnessýsla
Sækjum vörur í Reykjavík.
Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580
Vörumóttaka • Héðinsgata 1–3
Nesfrakt

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Þjónusta og sala á:
Gervihnattabúnaði Loftnetsbúnaði
Öryggiskerfum
Eftirlitsmyndavélakerfum
Hljóðkerfum
Símkerfum o.fl.
Sérhæfing, þekking, reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922

Slökkvitæki ehf
Hleðsla - Sala - Þjónusta
Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990
Verslum við litla manninn

Josera.
super premium gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

Boggugarðar
Vantar þig aðstoð í garðinum þínum?
Tökum að okkur allt er viðkemur garðvinnu.
❖ Trjá- og hekkklippingar
❖ Beðahreinsanir
❖ Garðslátt og áburðargjöf
❖ Skipulag og hönnun
Hægt er að hafa samband við okkur í síma 895 2766 einnig er hægt að senda okkur póst á boggugardar@gmail.com.
Erum einnig á facebook.

TAXI SELFOSSI
SÍMI 482 3800
Opið allan sólarhringinn um helgar

Bændamarkaðurinn
EFRA SELI
3 km. frá Flúðum
Opið alla daga frá kl. 11-18.
Sími 820 7590

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli Gunnar Guðmundsson
Elfar Freyr Sigurjónsson
Svanhildur Eiríksdóttir
Vistvænar íslenskar kistur
Þjónusta allan sólarhringinn
Sími 482 4300
Netfang: fylgd@fylgd.is - Vefsíða: fylgd.is

...í réttum gæðum
Gluggar Útihurðir Sérsmíði
GK GLUGGAR
Norður-Nýjabæ | 851 Hellu | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

LJÓSMYNDASTOFA SUÐURLANDS
ATH! Breytt heimilisfang
Eyravegur 38
www.filmverk.is
FILMVERK

FASTEIGNAVIÐHALD
Viðhald og nýsmíði fyrir fyrirtæki, húsfélög, einstaklinga, sumarhúsaeigendur og aðra fasteignaeigendur
Trésmíði innan- og utanhúss
* Mótauppsláttur * Málningarvinna
* Steypuvinna * Gluggaskipti
* Múrviðgerðir * Glerskipti
* Þakviðgerðir * Almennar raflagnir
** Baðherbergis-viðgerðir * Flísalagnir
Myglusveppagreining og greining á öðrum vandamálum
BJ Fasteignir
863 8527
Stjörnumót ehf.

Vinnuvélanámskeið
Meiraprófsnámskeið
ÖKUSKÓLI SUÐURLANDS
Eyravegi 55, Selfossi - Þráinn, sími 892 9594 - www.okuskoli.is